

27. mars 2019.

Stutt yfirlit yfir helstu athugasemdir við einstakar greinar frumvarps um breytingu á lögum nr. 71/2008. (ekki tæmandi aths.)

1. gr. Fella þarf niður í 1. tl. um áhættumat erfðablöndunar orðin „að teknu tilliti til mótvægisáðgerða“. Engar raunhæfar mótvægisáðgerðir eru til í þessu sambandi. Slík óljós hugmynd ruglar grundvöll áhættumats erfðablöndunar.
2. gr. Fella þarf niður furðulega hugmynd um „samráðsnefnd“ og einkennilega tillögu um samsetningu hennar með fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í stað fulltrúa t.d. frá Náttúruverndarsamtökum Íslands eða Erfðanefnd landbúnaðarins.
2. gr. 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 71/2008 falli brott: Óþarfi að fella hér niður faglega umsögn náttúruverndarsamtaka og hagsmunasamtaka. Bæta þarf við umsögn Landssambands veiðifélaga og Náttúruverndarsamtaka Íslands.
3. gr. Bæta þarf við í 1. mgr. á eftir „á grundvelli burðarpóls“ orðunum „og áhættumats erfðablöndunar“.
3. gr. Lagfæra þarf ákvæði um eftir á mat „hagstæðasta tilboðs“. Býður í núverandi mynd upp á ófyrirséða stöðu bjóðenda og einkennilegt eftir á mat á „hagstæðasta tilboði“.
4. gr. Breyta þarf einkennilegu ákvæði um að umsóknir um starfsleyfi og rekstrarleyfi skuli afhenda Matvælastofnun og að þær skuli afgreiddar samhliða og leyfi afhendast samtímis af MAST. Fyrirskipað fyrirkomulag felur í sér óheimilt samráð stofnana sem eiga hvor um sig að rökstyðja og meta sjálfstætt grundvöll síns leyfis.
7. gr.a. Setja þarf inn ákvæði, að fari áhættumat HAFRÓ um erfðablöndun yfir 0% sé útgáfa starfs- og rekstrarleyfis óheimil fyrir viðkomandi laxeldi.
9. gr. Breytingar á núverandi 8. gr. laga nr. 71/2008 eru með öllu óþarfar. Með tillögu frumvarpsins á þessari grein frumvarpsins er mjög dregið úr skyldum rekstraraðilans, sem er ástæðulaust varðandi svo mengandi og skaðlega starfsemi. Orðalagsbreytingar frumvarpsins eru óþarfar og ruglandi: t.d. „gögn um heimild til afnota af landi eða vatni eða gögn um úthlutun eldisvæða skv. 4. gr. a ef við á“ í stað „skilríki um heimild til afnota af landi, vatni og sjó“. Ennfremur: „[fylgja skal] staðfesting á stöðu eigin fjár og eiginfjárhlutfalli umsækjanda þegar umsókn er lögð fram. Eiginfjárhlutfall skal vera að lágmarki 30% að teknu tilliti til fjárfestinga í mannvirkjum og búnaði samkvæmt áætlun.“ Í stað „staðfesting um a.m.k. 30% eigin fjármögnun eldisins.“ Með nýju orðalagi hér er verulega slegið af kröfum til rekstraraðila eldisins.
10. gr. Orðalag um að ákvörðun eða álit Skipulagsstofnunar skuli liggja fyrir í síðasta lagi við útgáfu rekstrarleyfis er ekki tækt og þarf að lagfæra. Á þeim tímapunkti er of seint að gera athugasemdir fyrir útgáfu rekstrarleyfis eins og eðlilegt er. Gerð er tillaga um svohljóðandi 3. mgr. 9. gr. laganna í stað orðalags frumvarpsins: „Gefi Skipulagsstofnun út álit um að umhverfisáhrif framkvæmdar séu neikvæð er Matvælastofnun óheimilt að gefa út rekstrarleyfi fyrir eldisstarfseminni. Matvælastofnun er við útgáfu rekstrarleyfis jafnframt bundin af áhættumati erfðablöndunar og burðarpólsmati samkvæmt 4. gr. og 6. gr. b. laganna.“
11. gr. Ástæðulaust er að breyta 10 ára gildistíma rekstrarleyfis í 16 ár og ótækt er ákvæði um ótímabundin leyfi. Slík eilífðarleyfi gætu hugsanlega myndað grundvöll til eignarréttar á tilteknum eldisvæðum og skaðabótaskyldu, ef leyfi væri fellt niður eða lögum breytt síðar. Einkennileg er niðurfelling ákvæða um varúðarráðstafanir í rekstrarleyfi til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Sama gildir um niðurfellingu ákvæða í 5. – 7. mgr. 10. gr. Gerð er tillaga um óbreytt orðalag 10. gr. laga nr. 71/2008, nema hvað 6. mgr. félli

niður (um rekstrarleyfi fyrir minni nýtingu en 40% af burðarþoli). Sérstaklega skal minnt á nauðsyn utanliggjandi merkingar á eldislaxi sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 71/2008.

12. gr. Athugasemdafrestur vegna tillagna að rekstrar- og starfsleyfi í 12. gr. (10. gr.a.) þarf að breytast úr 4 vikum í fyrra horf með 6 vikna fresti.
Birting MAST á útgáfu og gildistöku rekstrarleyfa er æskilegt að verði einnig í B-deild Stjórnartíðinda eins og tíðkast hefur hjá öðrum stofnunum en MAST, og síðari birting þessara tveggja kosta teljist vera opinber birting.
Ákvæði um samtímis birtingu á starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar er einkennilegt ákvæði og ekki í samræmi við sjálfstæða og óháða leyfisútgáfu hvorrar stofnunar um sig.
15. gr. Um innra eftirlit. Ótækt ákvæði um minnkun eftirlits og að rekstrarleyfishafi hafi eftirlit með sjálfum sér. Orðalag nýrrar greinar frumvarpsins (13. a.) þarf að endursemja með tilliti til þessarar athugasemdar.
22. gr.a. Um stjórnvaldssektir. Umdeild og vafasöm ákvæði. Þarfnast endurskoðunar. Ráðagerð er í 7. tl. 22. gr. frumvarpsins um að MAST geti heimilað innflutning á notuðum eldisbúnaði. Setja þarf ákvæði um fortakslaust bann við slíkum innflutningi sbr. ákvæði 20. gr. laga nr. 71/2008.
21. gr.c. 2. mgr. laga nr. 71/2008. Skyndilagaákvæði þetta, sem sett var með lögum nr. 108/2018 hinn 10. október 2018 er í andstöðu við stjórnarskrá, EES samninginn og tilskipanir nr. 2011/92/ESB og 2014/52/ESB, og Árósasamninginn. Gerð er tillaga um að ákvæði 21.gr.c. 2. mgr. verði fellt niður.
23. gr.e.(V.). Bráðabirgðaákvæði þetta um að Hafrannsóknastofnun skuli leggja tillögu að endurskoðuðu áhættumati erfðablöndunar fyrir svokallaðan samráðsvettvang innan tveggja mánaða eftir að lagaákvæðið tekur gildi, er furðuleg lagasmíð og niðurlæging fyrir HAFRÓ og vísindastarfsemi stofnunarinnar. Gerð er tillaga um niðurfellingu þessa bráðabirgðaákvæðis.

Upprunagreining strolulaxa

21. desember 2018



Hafrannsóknastofnun, í samvinnu við MAST (<http://mast.is/>) og Matís (<http://www.matis.is/>), hefur unnið að upprunagreiningu eldislaxa sem hafa veiðst í íslenskum ám.

Notuð er svokölluð arfgerðagreining og eru 14 erfðamörk greind og borin sama við erfðamörk þeirra hænga sem notaðir voru við framleiðslu seiða 2015.

Alls virðast hafa veiðst 12 eldisfiskar, þar af hafa 11 verið greindir en einn er enn í mælingu.

Af þeim 11 sem hafa verið greindir er hægt að rekja níu með vissu, en eitt sýni þarf að endurkeyra með nýju erfðarsýni til að fá afgerandi staðfestingu. Einn fisk, sem veiddist í Breiðdalsá, þarf að skoða frekar og er hugsanlegt að hann hafi komið annars staðar frá.

Þeir níu fiskar sem hefur verið hægt að rekja komu allir frá tveimur kvíastæðum, annars vegar úr Laugadal í Tálknafirði og hins vegar frá Hringsdal Arnarfirði.

Tilkynnt hafa verið þrjú atvik sem stemma við þessar staðsetningar. Arnarlax tilkynnti atvik/strok í Hringsdal í Arnarfirði þann 21. febrúar sl. og tvö atvik í Laugardal í Tálknafirði, annað í febrúar og hitt í júlí á þessu ári.

Svo virðist sem allir fiskarnir hafa komið úr tilkynntum strokum.

Veiðistaður	Strokstaður
Staðarhólsá/Hvolsá	Laugardalur Tálknafirði
Selá í Ísafirði	Laugardalur Tálknafirði
Vatnsdalsá	Laugardalur Tálknafirði
Mjólká	Hringsdalur Arnarfirði
Mjólká	Endureinangra DNA
Laugardalsá	Hringsdalur Arnarfirði
Eyjafjarðará	Hringsdalur Arnarfirði
Fífustaðará	Hringsdalur Arnarfirði
Fífustaðará	Hringsdalur Arnarfirði
Staðará	Laugardalur Tálknafirði
Breiðdalsá	Óvíst



Innskráning

RSS

Loka

Leita í fréttum

fostudagur, 20. apríl 2018



Grásleppan er víðföruð

Forsíða



Tugir norskra fyrirtækja gætu átt yfir höfði sér



Nú verður tekið á því

Tölublið



Þung umræða um veiðigjald minni útgerða



Ekki hægt að útiloka veiðibann



Lítið vart við þorsk á togaraslóð

FISKIFRÉTTIR

Ríkisstjórnin í Washington staðfestir bann við sjókvíaeldi

23. mars 2018 kl. 11:00



Sjókvi Cooke Aquaculture við Cypress-eyju skammt frá Seattle í Washington.

Laxeldisfyrirtækið Cooke Aquaculture segir ákvörðun ríkisstjórnans mikil vonbrigði en muni hlíta lögnum.

Mála (1)

Eldi á atlantshafslaxi í sjókvium hefur verið bannað með öllu í Washingtonriki á norðausturströnd Bandaríkjanna. Jay Inslee ríkisstjóri staðfesti það í gær með undirskrift sinni undir löggjöf sem ríkisþingið samþykkti í byrjun mánaðarins með 31 atkvæði gegn 16.

Fyrirtækið Cooke Aquaculture, sem hefur stundað laxeldi þar, sagði staðfestingu ríkisstjórnans vera mikil vonbrigði en að sjálfsögðu verði farið að vilja löggjafans.

Fyrirtækið fær þó frest til ársins 2022 til að leggja niður allt eldi á atlantshafslaxi í sjókvium.

Þingið ákvað að gripa til þessa ráðs eftir að hundruð þúsunda laxa [sluppu úr kvium fyrirtækisins](#) í Puget-sundi í ágúst síðastliðnum. Óttast er að staðbundnir laxastofnar séu í hættu vegna þessa. Talið er að laxarnir sem sluppu hafi verið allt að 263 þúsund talsins.

Fyrirtækið fékk einnig sekt upp á 332 þúsund dala, sem samsvarar rúmlega 33 milljónum króna.

Skiptast

Tilvitnið



Erko Settefisk's operation in Sagvåg, Norway. The company now wants to build a full land-based salmon growout facility on the site. Photo: Joar Grindheim

Another major Norwegian firm plans land-based salmon farming operation

Company hopes to take advantage of its existing smolt and processing facilities in the area to make a fully integrated operation.

April 20th, 2018 06:14 GMT

Norwegian firm Stord Havbrukspark has applied for permission to produce a huge new facility for land-based salmon growout in Sagvåg, Norway, in the country's Hordaland region.

The company, a division of Erko Seafood, which is owned by Norwegian conglomerate Haugland Gruppen, is anticipating a total production capacity of 15,000 metric tons when the facility is operational.

The operation will be built in three phases, with 5,000 metric tons of production capacity at each phase.

The fish will be raised from 500 gram smolts to a market size of around 5 kilos, the company said.

Erko already has a smolt operation, Erko Settefisk, on the proposed site, and a processing operation nearby.

The company said in its application it will use recycled seawater in production.

--

Sign up to our FREE weekly Salmon Newsletter here.


Erko vil bygge ut til 15.000 tonn laks

Stord Havbrukspark er en del av Erko Seafood, eid av Haugland Gruppen, som foruten havbruk også driver med eiendom.

Anlegget er planlagt oppført på et allerede etablert område i Sagvåg i Stord kommune i Hordaland. På dette området har Erko Settefisk allerede postsmoltproduksjon, samt at det er i ferd å bygges settefiskanlegg på området. Dette skal stå ferdig i løpet av 2018.

I søknaden opplyser Stord Havbrukspark at planen er å bygge det landbaserte anlegget i tre faser, der en i hver byggefase klargjør for produksjon av 5.000 tonn. Fisken til anlegget vil overføres fra postsmoltanlegget til Erko Settefisk. Planen er å ta inn fisk på 500 gram, og produsere den videre til slaktevekt på rundt 5 kilo.

Produksjonen i anlegget vil basere seg på resirkulert sjøvann. Selskapet vil også rense utslippet fra anlegget, og arbeider med flere ulike metoder for rensing. En opplyser imidlertid at det er mest sannsynlig å benytte Bioretur AS for dette formålet. Det er samme konsept som benyttes



LAKS PÅ LAND: Erko Settefisks anlegg i Sagvåg på Stord. Det er bygget to påveksthaller for postsmolt og selskapet er i gang med å bygge settefiskanlegg. Det er på det samme området selskapet ønsker å etablere landbasert oppdrett av laks. FOTO: JOAR GRINDHEIM

for rensing av avløp fra postsmoltmodulene og settefiskproduksjonen.

I søknaden påpekes det at den erfaring en har fra postsmoltproduksjonen har gitt stor kompetanse på landbasert produksjon som en tar med seg i den videre fasen for produksjon av matfisk.

– Etter endt utbygging av moduler for produksjon av matfisk vil vi ha et fullt ut integrert produksjonsopplegg på Sagvåg. Vi har da gjen-

nomgående produksjon på land fra rogn til matfisk, påpeker selskapet i søknaden.

Endre Haugland i Erko Seafood sier til IntraFish at selskapet vil avvente svar på søknaden, og gå igjennom hvilke vilkår en da må forholde seg til, før endelig fremdrift for prosjektet blir besluttet.

vegard.solsletten@intrafish.com
Tlf. 90935737



4

Áskrift að fréttum

29. apríl 2018

Kæru Íslendingar, verndið villta laxastofna

Íslendingar, ekki gera sömu alvarlegu mistök og hafa verið gerð í öðrum löndum þar sem umfangsmikið sjókvíaeldi hefur verið heimilað með miklum skaða fyrir náttúruna. Setjið ströng lög um þessa starfsemi áður en það er of seint.

Ég er framkvæmdastjóri Wild Fish Conservancy (WFC), umhverfisverndarsamtaka sem berjast fyrir endurheimt villtra fiskistofna við norðurluta Kyrrahafsstrandar Bandaríkjanna. Í ágúst í fyrra fengum við upplýsingar um að sjókví með Atlantshafslaxi hefði fallið saman skammt frá Seattle. Við höldum að þetta væru ýkjur. En svo var ekki.



Myndefni frá þessum atburði kemur mér enn í uppnám. Samankrumpuð sjókvíin flaut í sjónum eins og blað sem einhver hafði hent frá sér.

Í kringum 300.000 fiskar sluppu út úr kvínni þessa örlagaríku helgi, fiskur sem er framaandi tegund í hafinu okkar í Washingtonríki. Seinna komumst við að því að mikill meirihluti þessara fiska, mögulega allir, báru veirusýkingu sem heitir Piscine Orthoreovirus og er bráðsmitandi og hættuleg villtum fiskistofnum.

Eigandi sjókvíarinnar, Cooke Aquaculture sem rekur allt sjókvíaeldi í ríkinu, sagði í fyrstu að óvenjulegar náttúrulegar aðstæður hefðu valdið því að sjókvíin brast. Stjórnvöld leiddu þó hið rétta í ljós. Fyrirtækið hafði einfaldlega trassað að sinna eðlilegu viðhaldi.

Því miður eru atburðir sem þessi ekki óvenjulegir hjá laxeldisfyrirtækjum í sjókvíaeldi. Svona óhöpp eru hluti af rekstrarumhverfi þeirra um allan heim. Þá miklu sorgarsögu má skoða með einfaldri Google leit.

Jafnvel daglegur rekstur á sjókvíum, án stórra óhappa, hefur í för með sér áhættu sem er óásættanleg. Vísindarannsóknir sýna að mengunin frá þeim er skelfileg og magnar upp fjölda snikjudýra og bakteria í sjónum með miklum skaða fyrir lífríkið. Óhjákvæmilega sleppa fiskar líka í litium mæli, sem er aldrei tilkynnt. Stöðugur þannig litill leki er sjálfsagt enn hættulegri fyrir umhverfið en þegar stóru slysin verða.

Í kjölfar þess að sjókví Cooke féll saman í fyrra ákváðu íbúar í Washingtonríki að nú væri nóg komið. Almennungur fordæmdi þessa starfsemi með kröftugum hætti. Við hjá WFC erum stolt af því að hafa leitt þá baráttu. Við settum á laggirnar breiðfylkingu undir nafninu Our Sound, Our Salmon, þar sem í eru 109 fyrirtæki og samtök, og 12.000 einstaklingar sem hafa tekið höndum saman um að berjast gegn sjókvíum og fyrir því að allt eldi verði fært upp á land.

Stjórnmalamennirnir hiustuðu sem betur fer á okkur og settu lög sem tryggja að allar sjókvíar með Atlantshafslaxi verða horfnar frá Washingtonríki ekki seinna en 2022. Aldrei í sögunni hefur jafn mörgum sjókvíaeldisstöðvum verið gert að loka.

Kæru Íslendingar, ráð mitt til ykkar er þetta: ekki láta það sem gerðist hér gerast á Íslandi. Verndið umhverfi ykkar og villta fiskistofna. Þrátt fyrir fögur loforð mun sjókvíaeldi aðeins valda skaða.

Höfundur er Kurt Beardslee framkvæmdastjóri bandarísku umhverfissamtakanna Wild Fish Conservancy.

Þessa frétt er að finna á vefnum visir.is.

Líkar þetta | Deila


Landssamband veiðifélaga - Bændahöllinni, Hagatorgi - 107 Reykjavík - Sími: 563 0300 - [angling\(hja\)angling.is](mailto:angling(hja)angling.is)

⑤

Land-based aquaculture gets a boost from denitrification technology

By Chris Loew

May 1, 2018



Raising ocean fish in land-based tanks on a commercial scale is usually uneconomical – while coastal aquariums can simply pump seawater into their tanks, this negates some of the advantages of being land-based for a commercial operation, such as eliminating parasites and water-borne diseases, and keeping fish wastes out of the environment.

If seawater is not used, then salt must be added to freshwater with care to pH levels and temperature. When the price of the fish is quite high—as for pufferfish in Japan—the numbers may work out. But the amount of water consumed and discharged can be very high.

Such a technique can have success for larger firms. For example, Atlantic Sapphire, a salmon operation now under construction near Homestead, Florida, has a license to pump both freshwater and saltwater from wells and to inject up to 20 million gallons per day of waste water into a disposal well. The company plans U.S. output of about 9,500 metric tons (MT) by 2021 in their first stage building plan.

On a smaller scale, FRD Japan, Co., headquartered in Saitama City, has announced that in July it will scale up from a small hatchery facility for rearing trout in land-based tanks to a larger pilot plant in Chiba Prefecture, near Tokyo, with a target output of 30 metric tons (MT) per year. The firm aims to complete a commercial plant in Chiba capable of producing 1,500 MT of sushi-ready salmon slices by 2020.

However, FRD Japan does not have the nearly unlimited water and disposal route of Atlantic Sapphire, and instead plans to utilize ordinary tap water. As such, it will employ a recirculating aquaculture system (RAS). The technology was developed in 2008 for city sewage disposal systems. It was next used at Shinagawa Aquarium in Tokyo, and is now being applied to salmon farming. The daily replacement rate of the water with new tap water is only 0.2 percent.

Trading company Mitsui & Co., Ltd. acquired 80 percent of venture company FRD's shares for an investment of JPY 900 million (USD 8.4 million, EUR 6.7 million) in April 2017. The other shareholders, with 10 percent each, are Taiyousuiken Inc. and KGC, Ltd.

Taiyousuiken Inc. is a maker of water treatment systems essential to recirculating aquaculture systems (RAS). As FRD's land-based system uses tap water with salt added, it would be overly expensive to continually replace the water. Additionally, adjusting the water temperature of newly added water takes a lot of energy. In order to reduce water exchange, biofiltration is required to reduce ammonia toxicity.

Fish wastes include NH₃ (ammonia), which is a gas and is sometimes called "toxic" or "free" ammonia. NH₄ (ammonium), the ionized form of ammonia, is a nontoxic salt. NH₃ and NH₄ together are often referred to as total ammonia nitrogen (TAN).

Taiyousuiken makes a biofilm carrier, "high-speed nitrification carrier Ocean Cleaner No. 3 (OCNO 3)" made of polypropylene foam. While it is common that a biofilter must be seeded and cultured months in advance to allow the growth of a sufficient volume of bacteria, the OCNO 3 is pre-seeded and can be used immediately. Though the focus in biofilm design for such carriers is usually on increasing surface area, Taiyousuiken asserts that the shape of the biofilm must also be optimized for holding bacteria. Though the surface area is one-hundredth or less than that of such heavy substrates as coral sand or porous ceramic material, the amount of water it can treat is between 50 to 80 percent that of those materials.

Nitrification of ammonia is followed by converting it into nitrogen gas by denitrifying bacteria so that it can be safely released into the atmosphere. Taiyousuiken also makes the "Ocean Cleaner N2," an automated system to provide ideal conditions for denitrifying bacteria. The ideal environment is anaerobic, has a temperature between 35 and 38 degrees Celsius, and has a steady supply of nutrients. While Atlantic Sapphire's system relies on the unique combination of aquifers available in South Florida, FRD's system could be replicated anywhere.

Land-based systems are increasing worldwide. Swiss Alpine Fish AG in Lostallo, Switzerland— which also utilizes RAS technology — has a current capacity of 600 MT in the round, or 480 MT head-on gutted. The operation started with trout, which are more robust than salmon, and after that succeeded, switched over to Atlantic salmon.

CEO Julian Connor said that he is considering the Japanese market for future expansion. Though he may be playing catch up to FRD's operations in Japan, he said: "It's a huge market. I'm not worried about that at all."




Áskrift að fréttum

19. apríl 2018

Sjókvíaelði verður að hluta niðurgreitt af ríkissjóði

Útgjöld ríkissjóðs til Umhverfissjóðs sjókvíaeldis munu aukast um meira en hundruð milljónir króna samkvæmt nýju frumvarpi um fiskeldi og munu nema 260 milljónum króna á árinu 2020. Sjóðurinn á að greiða fyrir rannsóknir og mat á burðarþoli fyrir laxeldi og því verður atvinnugreinin að hluta niðurgreidd af ríkinu.



Í nýju lagafrumvarpi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um fiskeldi eru lagðar til breytingar sem kalla á auknar rannsóknir og útgáfu burðarþolismats vegna sjókvíaeldis með tilheyrandi kostnaði. Þannig á Hafrannsóknastofnun eftir að meta burðarþol tiltekinnna hafsvæða og fjarða. Auk þess þarf stofnunin að vakta lífrænt álag á svæðum sem búið er að burðarþolsmeta. Þá mun falla til kostnaður vegna endurskoðunar á áhættumati vegna erfðablöndunar og kostnaður vegna aukinna rannsókna þegar hafsvæðum er skipt upp í eldissvæði.

Gert er ráð fyrir að þessi nýju verkefni verði fjármögnuð af Umhverfissjóði sjókvíaeldis og er áætlað að sjóðurinn þurfi 200 milljónir króna á ári til ráðstöfunar í þessi verkefni og önnur sem honum eru ætluð samkvæmt lögum.

Í fjárlögum 2018 er framlag ríkissjóðs til sjóðsins 110 milljónir króna og er því aukningin 90 milljónir króna á ári, að því er fram kemur í frumvarpinu. Á árinu 2020 hækkar framlagið í 260 milljónir króna miðað við útgjaldaaukningu sem tilgreind er í frumvarpinu en þar segir: „Árleg útgjaldaaukning, að meðtallni 90 m.kr. aukningu á fjárþorf Umhverfissjóðs sjókvíaeldis, er því talin verða 150 m.kr. frá og með árinu 2020.“

Var fjármagnaður af fiskeldisfyrirtækjunum

Umhverfissjóðurinn hefur verið fjármagnaður af fyrirtækjum í sjókvíaelði frá árinu 2008 þegar hann var settur á laggirnar en markmið og tilgangur sjóðsins er að lágmarka umhverfisáhrif af völdum sjókvíaeldis. Útgjöld ríkisins í sjóðinn aukast vegna þessara nýju verkefna í frumvarpinu.

„Hugsunin í frumvarpinu er sú að það verði lagt á annars vegar gjald vegna eldissvæða og hins vegar auðlindagjöld. Uppsetningin á þessum kostnaði sem til fellur er á þann veg að gjaldtakan verður látin renna í Umhverfissjóð sjókvíaeldis sem standi síðan undir fjármögnun á burðarþolsrannsóknum og áhættumati. Við erum hins vegar á þessu ári að leggja sérstaklega til rúmlega níutíu milljónir króna til þessara mála og það er kannski eðlilegt á meðan það er verið að byggja upp atvinnugreinina að fyrsta fjármögnun komi úr ríkissjóði,“ segir Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Auðlindagjöldin á sjókvíaelði hafa ekki verið ákveðin og verður lagt fram frumvarp um nánari útfærslu þeirra í haust. Þetta þýðir að á meðan þessi nýju verkefni, sem Umhverfissjóður á að greiða fyrir, hafa ekki verið fjármögnuð með gjöldum mun framlag ríkissjóðs standa undir þeim.

Er ekki ríkissjóður með þessu að niðurgreiða þessa atvinnugrein?

„Í ár má kannski segja að svo sé. Á meðan við erum að skjóta styrkari stoðum undir rannsóknir þá má kannski segja að á fyrstu skrefum þess sé það kannski hlutverk ríkisins að ganga úr skugga um hvaða grunnur er undir þá starfsemi sem ríkissjóður ætlar síðan að taka gjald af,“ segir Kristján Þór.

Þessa frétt er að finna á vefnum visir.is

Líkar þetta Deila



Phase 2: This is what the facility will look like when producing 7,400 metric tons. Photo: ONF

New land-based salmon farm given green light in western Norway

Ofs Måløy has been granted permission to establish land-based facilities.

by

Vegard Solsletten

January 4th, 2019 08:07 GMT

Updated January 4th, 2019 09:13 GMT

Sogn and Fjordane County Council in western Norway has granted permission for Ofs Måløy to establish a new land-based farm producing 15,000 metric tons per year of salmon and trout.

The farm will be use a recirculating aquaculture system (RAS) from Niri and will cost "several hundred million [NOK]," according to Jon Ove Stokke, CEO of parent company Ofs Norway.

Fully developed, the plant will have a volume of 200,000 cubic meters, an area requirement of 37.9 cubic meters and will include and integrated processing plant.

The facility will be built in several phases. The first will be an research and development (R&D) phase to "fine-tune the technology," before Phase 2 builds production to approximately 7,500 metric tons. Phase 3 is designed to take the farm to producing 15,000 metric tons per year.

The plan is to buy smolt externally to begin with, but to gradually build its own hatchery.

Cooke destroys 800,000 sick Atlantic salmon

By

Ben Fisher

December 20, 2018

SHARE



After a test required by the Washington State Department of Fish and Wildlife showed that 800,000 of its juvenile farmed Atlantic salmon carried a strain of Piscine Orthoreovirus (PRV), Cooke Aquaculture Pacific has destroyed the fish, [according to the Seattle Times](#).

This is the second time the Canada-based company has had to destroy sick fish, the last time being in May 2017. The strain of PRV is the same that was found at the Icelandic hatchery where Cooke sources its Atlantic salmon eggs.

The Washington Department of Fish and Wildlife considers the illness to be a threat to native salmon and other marine life and, in keeping with its agreement with the state in its permit to operate in Thurston County, Washington, the aquaculture company was forced to destroy the fish.

The juvenile fish had been in quarantine before they were destroyed and the water in which they lived at the hatchery was disinfected before its discharge.

"[Cooke is] complying with the terms of the permit, and we are protecting Puget Sound from this exotic strain," Amy Windrope, a director for the Washington Department of Fish and Wildlife, said.

Washington State Director of Fish Health Ken Warheit said that the state has not yet tested Cooke's adult salmon for the virus, although a test may take place in the spring.

Cooke Aquaculture did not comment on the incident.

An August 2017 [escape of more than 250,000 farmed Atlantic salmon](#) at a Cooke Aquaculture farm in Cypress Island, Washington due to inadequate net maintenance was a catalyst for the state to [phase out net-pen farming of Atlantic salmon](#) by 2025.

8a



Ben Fisher

Reporting from Seattle, Washington, U.S.A.

fisherbenb@gmail.com

[@benbfisher](#)

Tromsø krever lukka oppdrett



KRAV: Tromsø kommune er sist ute med å stille krav til oppdrettsnæringens produksjon. Her er Aquafarm Equipment sitt tiltak.

Politikerne i storby- og kystkommunen Tromsø sier nei til oppdrett. Så fremst det ikke er i lukkede anlegg.

HAVBRUK

Kjersti Sandvik og Jørn Mikael Hagen
Bergen

Det var Ap, SV, Rødt, MdG, samt én representant fra Høyre som dannet flertall for vedtaket, etter det Fiskeribladet forstår. Vedtaket har blitt fulgt opp i kommunenes klima-, miljø- og energiplan. Vedtaket kom seg et sjokk på mange, men nå understreker varaordfører Jarle Aarbakke at næringen er hjertelig velkommen, så lenge den er framtidsrettet. Vennlig pekefinger

– Men det er ikke fullt så dramatisk, sier han til Fiskeribladet.

– Det er ikke kommunen som tildeler konsesjoner, men det vi gjør i vårt vedtak er å påpeke retningen vi ønsker utviklingen i havbruksnæringen skal gå i, forklarer han.

Det betyr at ingen av anleggene i kommunen skal legges ned.

– Men vi ser inn i glasskula og ønsker et felles bærekraftig mål. En vennlig pekefinger der vi ber næringa lytte til den store kom-



TROMSØ: Varaordfører Jarle Aarbakke (Ap). FOTO: JØRN MIKAEL HAGEN

petansen vi besitter på hav og klima i Tromsø kommune.

Aarbakke, som selv er professor emeritus i farmakologi og som har fulgt havbruksnæringen med stor interesse i flere år, sammenligner dette med den tidligere antibiotikadebatten.

– Havbruksnæringa klarte å kvitte seg med antibiotikabruken, noe som beviser at de besitter en voldsom dynamikk til forbedring. Det tror jeg også vi vil se på anleggssituasjonen. Om kort tid har vi dem lukket, til beste for miljøet. Det er den retningen vi i Tromsø kommune ønsker.

Bedre formidlere

Havbruksaktører som viser at de tenker framtidsrettet er hjertelig velkommen til Tromsø, sier han og ber de samtidig bli flinkere til formidling.

– Næringa har en utfordring på formidling. Det ser vi ved at flere tror de fremdeles bruker antibiotika. På samme måte må

” Tromsø kommune har gjort et klokt valg og det er gledelig å høre at de har samme perspektiv som oss når det gjelder å ta ansvar for en bærekraftig utvikling i næringen

Jarle Kvalheim, ordfører Osterøy kommune

de formidle bedre at lukkede anlegg er en realitet i nær fremtid og at også de tenker bærekraftig.

Tromsø som besitter enorme kunnskaper i sine universitets- og havforskningsmiljøer, skal alltid være en havbrukskommune og bidra til å gjøre Norge til et foregangsland, bedyrer han.

– Men det er vår rolle å sette noen krav, og så må havbruksnæringa tilpasse seg dem. Og med det stimulere til kontinuerlig nytenkning som innebærer et fornuftig forhold mellom vekst

FAKTA

Oppdrett i lukka anlegg

- Det stor interesse for landbasert oppdrett, særlig knyttet til oppdrett av settefisk (smolt og post-smolt) for å produsere post-smolt på opp til 1 000 gram.
- Det er også interesse for oppdrett av matfisk i lukka anlegg i sjø.
- Per i dag har cirka seks selskap fått tillatelse til landbasert produksjon av matfisk og mange andre er interessert. Det er store utfordringer når det gjelder finansiering, ettersom tilgang på investeringsvillig kapital er avgrenset.
- Kilde: Sintef

og utvikling i Arktis som ivaretar miljøet. Det er både rimelig og noe jeg tror de fleste kan stille seg bak, avslutter han.

Gledelig nyhet

Osterøy kommune i Hordaland var først ute med å stille krav til oppdrettsnæringens produksjon i fjor. Osterøy kommunes vedtak går ut på at det skal være lite eller ikke noe utslipp av organisk materiale fra oppdrettsnæringen.

– Vi uttrykte oss på denne måten fordi vi ville være teknologinøytrale, men det betyr i realiteten lukka anlegg, sier ordfører Jarle Kvalheim.

Han reagerer både med glede og overraskelse når Fiskeribladet ringer ham og forteller om Tromsø kommunes vedtak.

– Det ble jeg glad for å høre. Tromsø kommune har gjort et klokt valg og det er gledelig å høre at de har samme perspektiv som oss når det gjelder å ta ansvar for en bærekraftig utvikling i næringen, sier Kvalheim.

Hensikten med vedtaket er at næringen skal vokse og sørge for bærekraftig produksjon av mat.

– Det betyr ikke at alle kommuner må gjøre denne type grep. Andre steder har andre utfordringer. Kommunenes oppgave er å regulere areal til næringsvirksomhet. Vi har stilt krav om tilnærmet null utslipp fra næringen, sier Kvalheim.

Initiativet til vedtaket kom fra kommunens planavdeling i forbindelse med arbeidet med ny kystsonenplan. Forslaget fikk bred støtte i kommunestyret. Utfordringen kom i møte med fylkeskommunen som mente vedtaket var begrensende for utviklingsmulighetene i næringen.

– Men til slutt ble det enstemmig vedtatt i fylket og her har Fylkesmannen vært en viktig medspiller, sier Kvalheim.

kjersti.sandvik@fiskeribladet.no
jorn.hagen@fiskeribladet.no
93256326 og 91805828

9/10

Hvata vanti til umhverfisvæns laxeldis

Skúli Halldórsson

sh@mbl.is

Níu laxar, sem veiddust í fyrra í íslenskum ám, komu frá tveimur kvíastæðum, annars vegar úr Laugardal í Tálknafirði og hins vegar frá Hringsdal í Arnarfirði, samkvæmt rannsókn Hafrannsóknastofnunar. Friðleifur Guðmundsson, formaður Verndarsjóðs villtra laxa, segir niðurstöðurnar ekki koma sér í opna skjöldu.

„Þetta staðfestir það sem við höfum haldið fram, alveg frá því að ljóst varð að menn væru að fara að stunda eldi í opnum í kvíum við Íslandsstrendur. Þessi lax syndir fleiri hundruð kílómetra ef honum þóknast svo, og getur farið upp í hvaða á sem er á landinu. Þetta kemur okkur því ekki á óvart.“

Friðleifur segir að ef fram haldi sem horfi, að fiskeldi verði aukið til muna hér við land, sé ljóst að sífellt fleiri eldislaxar muni leita upp í íslenskar ár. „Þetta er það sem koma skal ef iðnaðinum er leyft að vaxa í óbreyttri mynd. Og það bendir allt til að svo verði,“ segir hann og vísar til frumvarpsdraga til nýrra laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi, sem nýverið voru birt á samráðsgátt stjórnvalda.

Kylfa sem ræður kasti

„Þar sjáum við mjög takmarkaðar ráðstafanir gerðar til að gera starfsemina umhverfisvænni. Okkur finnst hvatar stjórnvalda ekki með þeim hætti að eldisfyrirtæki sjái sér hag í því að færa sig yfir í umhverf-

isvænni kosti, ef svo má að orði komast, eins og til dæmis eldi í lokuðum kvíum eða á landi.“

Allar ár landsins eru undir, segir Friðleifur. „Það er alveg ljóst. Þetta er ekki það stórt land,“ segir hann og bendir á að NASF hafi keypt neta- og veiðiréttindi í Grænlandi og í Færeyjum til að vernda laxastofninn.

„Við sjáum að villti laxinn syndir héðan og til þessara landa. Það er í eðli laxins. Það fer eftir straumum og ástandi hafsins hverju sinni hvert hann fer. Og ef hann er alinn í kví, eins og í fiskeldinu, er hann vitaskuld áttavilltur en það er samt sem áður í hans eðli að finna sér á til að hrygna. Þess vegna er það bara kylfa sem ræður kasti hvort hann endar í Vatnsdalsá, Selá eða hvar annars staðar. Þegar öllu er á botninn hvolft er þetta hrikaleg þróun sem er að eiga sér stað, og mikið áhyggjuefni.“

Mikilvægt að fá hagsbætur í lög

Fyrirtækið AkvaFuture hyggur á tuttugu þúsund tonna laxeldi í lokuðum sjókvíum í Eyjafirði, en systurfyrirtæki þess rekur eldi í slíkum kví-



Morgunblaðið/Einar Falur Ingólfsson

Einn þeirra eldislaxa sem veiðst hafa í íslenskum ám fannst í Vatnsdalsá. Uppruni hans var rakinn til Tálknafjarðar.

um í Brunneyjarsundi í Norðlandsfylki í Noregi. Rögnvaldur Guðmundsson, framkvæmdastjóri AkvaFuture, sagði í samtali við 200 mslur fyrir í vetur að í burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar væri ekki tekið tillit til þeirrar staðreyndar að eldið yrði í lokuðum kvíum.

„Sú er ekki raunin, því miður. Burðarþolið gerir ráð fyrir þeirri aðferð sem algengust er í fiskeldi. Með okkar tækni ættum við nefnilega að geta nýtt burðarþolið mun betur, það er framleitt meira en sem því nemur án þess að áhrifin á umhverfið verði í sama mæli,“ sagði Rögnvaldur í því viðtali.

Friðleifur bendir á að þetta sé dæmi um skort á hvötum af hálfu stjórnvalda til að stuðla að umhverfisvæna eldi.

„Vandinn er að þróun á lokuðum kvíum er tiltölulega nýhafin, en hún hefst í Noregi þar sem vandamál tengd laxeldi eru orðin svo mikil að

menn eru farnir að leita annarra framleiðsluaðferða. AkvaFuture er nú búin að framleiða lax í lokuðum kvíum með mjög góðum árangri undanfarin ár, en ekki einn einasti fiskur hefur sloppið og aldrei hefur komið upp lús. Þá endurvinnna þau megnið af úrganginum sem fellur til og nýta hann til að knýja lífdísilvagna á götum Þrándheims,“ segir hann.

„Þetta er virkilega flott framtak, en það segir sig sjálf að framleiðsluferlið er dýrara. Og þess vegna er svo mikilvægt að stjórnvöld setji í lög einhverjar hagsbætur fyrir fyrirtækin sem ákveða að fara þessa leið frekar.“

„Hví ekki núna?“

Hann segir hvataskortinn birtast skýrt í framleiðslu Arctic Fish hér á landi, en félagið er að stórum hluta í eigu norska fiskeldisfyrirtækisins Norway Royal Salmon.

„Móðurfélagið er að gera tilraunir með framleiðslu í lokuðum kvíum í

Noregi en þegar hingað er komið sleppa þeir því því þeir sjá að þeir þurfa þess ekki. Hefðbundnar opnar kvíar eru ódýr búnaður. Um leið og fyrstu slátruninni er lokið hafa menn greitt upp opnu kvína. En frá markaðssjónarmiðum, ef menn eru á annað borð lítið að spá í umhverfið, þá er skiljanlegt að þeir fari þessa ódýrari leið,“ segir Friðleifur.

„Stjórnvöld þurfa bara að gyrða sig í brók og reyna að koma fiskeldisíðnaðinum í umhverfisvæna framleiðslu sem við getum verið stolt af. Tíminn mun leiða í ljós að þetta eru rangar aðferðir sem eru við lýði núna, og þetta mun allt enda í lokuðum kvíum eða uppi á landi. Það er bara spurning hvort það verður eftir fimm eða tíu ár þannig að hví ekki núna, í stað þess að gera sömu mistök og allar þjóðir sem stunda fiskeldi að einhverju marki í kringum okkur eru búnar að gera? Það er okkur með öllu óskiljanlegt.“

Greiða 5 milljarða á ári fyrir veiðileyfi

BAKSVIÐ

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is



Tekjur af lax- og silungsveiðum hafa margfaldast á fjórtán árum, þegar síðast var gerð heildarúttekt.

Stangveiðimenn greiðdu 4.900 milljónir króna fyrir veiðileyfi á árinu 2018 en um 1.150 milljónir árið 2004. Greiðslurnar meira en tvöfölduðust að raunvirði á þessum tíma. Að jafnaði jukust greiðslurnar um 6% á ári umfram neysluverð. Kemur þetta fram í skýrslu sem Hagfræðistofnun gerði um virði lax- og silungsveiða fyrir Landssamband veiðifélaga.

Fyrir utan verð veiðileyfa er beinn kostnaður innlendra veiðimanna af veiðum talinn vera að minnsta kosti 2,9 milljarðar króna og beinn kostnaður erlendra veiðimanna að minnsta kosti 2,2 milljarðar. Við þetta bætast fjárfestingar í veiðihúsum, laxastigum og fleira, um 1 milljarður króna á ári. Reiknast Hagfræðistofnun til að samtals megi rekja að minnsta kosti 11 milljarða króna útgjöld beint til lax- og silungsveiða hér á landi á árinu 2018.

Hagfræðistofnun dregur frá þeim hluta teknanna sem rennur til innflutnings og kemst að þeirri niðurstöðu að tæpa 9 milljarða landsframleiðslu megi rekja beint til lax- og silungsveiða. Bein áhrif lax- og silungsveiða á landsframleiðslu hafa aukist um 160% frá því Hagfræðistofnun kannaði efnahagsleg áhrif lax- og silungsveiða árið 2004. Tekur hún fram að erfiðara sé að meta óbeinar og afleiddar tekjur af veiðunum. Þær geti verið umtalsverðar.

Auðlind metin á 170 milljarða

Reynir Hagfræðistofnun að reikna út verðmæti auðlindarinnar út frá því hversu miklum fjármunum landsmenn myndu tapa ef veiðarnar legðust af. Það er gert með því að núvirða rekstrarhagnað eigenda veiðiréttar, ásamt ábata innlendra veiðimanna. Niðurstaðan er rúmir 70 milljarðar króna.

Tekið er fram að ábati veiðimanna, það er að segja greiðsluvilji umfram kostnað, sé álíka mikill. Hann er nú metinn tæpir 100 milljarðar. Alls verða því lax- og silungsveiðar hér á landi um 170 milljarða króna virði fyrir Íslendinga.

Margir njóta góðs af tekjum af

Efnahagslegt virði lax- og silungsveiði

Árið 2018, milljarðar kr.

	Tekjur	Hlutfall innfluttra vara og þjónustu	Innlend framleiðsla sem rekja má beint til stangveiði
Tekjur veiðifélaga	2,8	5%	2,7
Tekjur leigutaka (að frádrægnum greiðslum til veiðifélaga)	2,1	5%	2,0
Tekjur annarra			
Af innlendum veiðimönnum	2,9	30%	2,0
Af erlendum veiðimönnum	2,2	40%	1,3
Fjárfestingar	1,0	30%	0,7
Bein efnahagsleg áhrif	11,0		8,7

Verðmæti lax- og silungsveiða fyrir Íslendinga

Núvirtur rekstrarhagnaður	72,5
Núvirtur ábati innlendra veiðimanna	98,0
Samtals	170,5

Heimild: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

lax- og silungsveiðum. Út frá fjölda lögbýla sem aðild eiga að 169 veiðifélögum landsins og 58 veiðifélagsdeildum áætlað Hagfræðistofnun að 3.400 lögbýli tilheyri veiðifélagi. Þar af eiga 2.250 lögbýli aðild að laxveiðiám.

Stundum eiga menn fleiri en eitt lögbýli, meðal annars erlendir auðmenn eins og þekkt er úr umræðunni síðustu ár, en tekið er fram í skýrslunni að algengara sé að margir eigi jörð saman. Þúsundir Íslendinga eiga því veiðiréttindi í íslenskum laxveiðiám og njóta góðs af arðinum sem þær gefa.

Laxveiðihlunnindin skiptast ójafnt eftir landshlutum. Þannig eru mestu tekjurnar á Vesturlandi þar sem margar mikilvægar laxveiðiar renna til sjávar. Veiðiréttarhafar þar fá í sinn hlut rúmlega þriðjung heildarteknanna. Rúm 28% koma í hlut Norðlendinga og 21,5% renna í vasa Sunnlendinga. Þessi munur kemur enn skýrar fram þegar tekjur af stangveiðum eru bornar saman við launakostnað og hagnað af landbúnaði. Á því sést að veiðarnar svara til tæplega 70% af arði af landbúnaði á Vesturlandi, 34% á Austurlandi, 27% á Norðurlandi en aðeins 9% á Vestfjörðum.

FORMAÐUR VEIÐIFÉLAGA

Mikils virði fyrir marga

„Það er ánægjulegt að sjá hvað það hefur gengið vel að gera verðmæti úr þessum hlunnindum. Þá er gaman að sjá að 3.400 lögbýli eiga þessi réttindi. Eignarhald er mjög dreift og þessi hlunnindi eru mikils virði,“ segir Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga. Hann segir einnig að tugþúsundir Íslendinga fari til veiða á hverju ári. Þetta sé stór hluti af menningunni og því sem fólk geri sér til skemmtunar. Jón Helgi segir að það sé helst að fiskeldið ógni þessum hlunnindum og góðri stöðu.

Hagfræðistofnun telur að hættan af fiskeldinu fyrir rekstur veiðifélaga geti verið lítil næstu árin en meiri til langs tíma lítið.

Jón Helgi Björnsson



Ekki mannskapur til að hafa eftirlit með eldi

FRÉTTABL
29/10 2018

Á bilinu 300 til 5.000 laxar slappu úr sjókví í Tálknafirði í júlí. MAST hefur ekki burði til að sannreyna tölur um fjölda laxa í kvinni þegar göt uppgötvuðust, eða fjölda laxa sem drápuðust eða slappu. Einn starfsmaður hefur eftirlit með laxeldi.

FISKELDI SVO virðist sem hvorki Matvælastofnun né fyrirtækið Fjarðalax, dótturfyrirtæki Arnarlax, viti hversu mikið af laxi slapp úr kví fyrirtækisins í byrjun júlí þegar göt uppgötvuðust á einni kvinni. Fyrirtækið heldur fram að aðeins 300 fiskar hafi sloppið. Aftur á móti veit enginn um afdrif hátt í 5.000 laxa.

„Fyrirtækið áætlað að það séu um 300 fiskar sem hafa sloppið. Okkur þykja óvissuþættimur vera það stórir að við getum ekki áætlað um fjölda fiska sem farið hafa úr kvinni. Hvort þau séu hundruð eða þúsund,“ segir Erna Karen Óskarsdóttir, fagsviðsstjóri fiskeldis hjá Matvælastofnun. Slátrun upp úr kvinni lauk í byrjun

þessa mánaðar, um 90 dögum eftir að göt fundust á kvinni. Samkvæmt gögnum fyrirtækisins voru tæplega 153.000 laxar í kvinni þegar óhappið varð. Um 143.000 fiskum var slátrað upp úr kvinni. Fyrirtækið segir tæplega 5.000 fiska hafa drepist og 300 hafi sloppið. Eftir stendur 4.981 lax sem hvorki drapst, slapp né var slátrað upp úr kvinni og enginn veit um.

Samkvæmt tölum fyrirtækisins drapst 4.651 fiskur. Það gerir um 1.500 fiska á mánuði á tímabilinu. Ef hver fiskur var 4 kíló að meðaltali hafa tæp 18,6 tonn af fiski drepist í kvínum á þremur mánuðum.

Erna telur Matvælastofnun ekki í stakk búna til að sinna skyldum

sinum um eftirlit með fiskeldi. Efla þurfi stofnunina. Um 60 aðilar hafi rekstrarleyfi til fiskeldis en einungis einn starfsmaður vinni við eftirlit.

„Fyrst og fremst verðum við að fá inn fjármagn til að ráða starfsfólk til að auka eftirlit með fiskeldi. Til viðbótar, ef frumvarp um fiskeldi sem stendur til að leggja fyrir þingið á næstunni verður að lögum, munum við fá aukin verkefni, til dæmis mánaðarlegar upplýsingar frá fiskeldisfyrirtækjum og við þurfum auðvitað mannskap til að yfirfara þessar tölur. Eins og staðan er í dag er ég ein í þessu starfi sem er bagalegt fyrir stofnun með alla þessa ábyrgð,“ segir Erna. sveinn@frettabladid.is

Atburðarásin

Sumarið 2014
■ Eldislax sleppur frá Fjarðalaxi í Patreksfirði. Samkvæmt rannsókn Veiðimálastofnunar fyrir Fiskistofu á þeim lögum sem veiddust í Patreksfirði það sumar eru líkur á að laxarnir hafi komið úr fleiri en einni slyasleppingu.

Sumarið 2016
■ Nokkurt magn regnbogasilungs veiddist í ám á

Vestfjörðum auk þess sem hann veiddist í Vatnsdalsá, Haffjarðará og í Hitará á Mýrum í Borgarfirði. Málið kaert til lögreglu.

Febrúar 2017
■ Göt finnast á kví Arctic Sea Farm í Dýrafirði. Ekki ljóst hversu mikið af fiski slapp út í lífríkið. Matvælastofnun rannsakar málið.

Febrúar 2018
■ Slyshjá Arnarlaxi

þar sem eldskví með um 500 tonnum af eldislaxi marar í hálfu kafi í Tálknafirði. Göt reynast svo á kvinni þegar hifa þarf hana upp til viðgerðar. Færa þarf lax á millí kvía og drepa um 50.000 laxar í þeirri aðgerð. Forsvarsmenn fyrirtækisins viðurkenna þau mistök að tilkynna Umhverfisstofnun ekki um óhöpp.

Júlí 2018
■ Göt finnast á kví Arnarlax í Tálknafirði. Óvíst er hversu mikill fiskur slapp á haf út.

September 2018
■ Regnbogasilungur sleppur úr eldisstöð á Húsavík og í fráveltukerfi. Ekki vitað hvort fiskur hafi náð á haf út en líkur benda til þess.

26. október 2018
■ Ljóst þykir að

mikið magn eldislax hafi sloppið úr kví Fjarðalax í Tálknafirði í júlí. Fyrirtækið telur að um 300 fiskar hafi sloppið. Matvælastofnun getur ekki sannreynt þá tölu og telur jafnframt að fjöldi fiska sem slapp sé umtalsvert hærrí. Tæplega 5.000 fiskar drápuðust í sumar og haust samkvæmt fyrirtækinu.

Tölur úr bókhaldi fyrirtækisins

■ 152.916 eldislaxar voru í sjókví Fjarðalax í Tálknafirði áður en slyasleppingin varð í byrjun júlí. (Óyfirfarnar gögn frá Arnarlaxi)

■ 143.284 lögum var slátrað upp úr kvinni, slátrun lauk í byrjun október. (Óyfirfarnar upplýsingar frá Arnarlaxi)

■ 4.651 lax drapst í þessari einu kví á slátrutímabilinu. (Óyfirfarnar upplýsingar frá Arnarlaxi)

Svör Arnarlax

Samkvæmt Arnarlaxi hafa fáir fiskar sloppið. Mun fleiri fiskar hafi drepist og leyst upp í sjónum. Þetta kemur fram í skýrslu Arnarlax til Matvælastofnunar, þann 9. október síðastliðinn.

„Fiskur er fljótur að rotna, þar sem það tók langan tíma að fjarlægja öll afföll í kringum atburðarásina í febrúar og má þá gera ráð fyrir því að elthvað af afföllunum hafi einfaldlega leyst upp,“ segir í skýrslunni.

= Ekki vitað um afdrif 4.981 lax á þessu tímabili

Enginn veit hvort fimm eldislaxar sluppu eða nærri fimm þúsund

22/11 2018

Slysasleppingin hjá Arnarlaxi í Tálknafirði í sumar undirstrikar landlæg vandamál í sjókvíaeldi. Matvælastofnun getur ekki sannreynt upplýsingar um slysasleppingar. Í Noregi er áætlað að þrefalt fleiri eldislaxar sleppi úr sjókvíum en þeir villtu laxar sem synda upp í norskar ár.

Ingi Freyr Vilhjálmsson
ingl@stundin.is



Eftirlitsstofnunin Matvælastofnun veit ekki og getur ekki sannreynt hversu margir norskir eldislaxar sluppu úr eldiskví laxeldisfyrirtækisins Arnarlax í Tálknafirði í júlí í sumar. Göt mynduðust þá á eldiskví Arnarlax sem voru rúmlega 150 þúsund eldislaxar. Tæplega fimm þúsund færri fiskar voru í kvínni þegar slátrað var úr henni í byrjun október en áttu að vera í kvínni. Þetta kemur fram í svörum frá Matvælastofnun við spurningum Stundarinnar um slysasleppinguna.

Sú staðreynd að Matvælastofnun, eftirlitsstofnunin sem fylgist með slíkum atriðum í starfsemi laxeldisfyrirtækjanna, getur ekki fullyrst nokkuð um umfang slysasleppingarinnar á norsku eldislaxunum undirstrikar þá mögulegu umhverfisvá sem fylgir notkun á opnum sjókvíum til að rækta eldisfiska við Íslandsstrendur.

Arnarlax tilkynnti stofnuninni að tæplega fimm þúsund færri eldislaxar hefðu verið í kvínni við slátrun úr henni en áætlað var og segir í frétt á heimasíðu Matvælastofnunar að fyrirtækið sjálf meti það sem svo að um 300 norskir eldislaxar hafi sloppið úr kvínni. Á endanum þá er þetta mat fyrirtækisins bara mat og það er ekkert fast í hendi um hvort það er rétt eða ekki.

Sluppu 5.000, 10.000 eða jafnvel 15.000 laxar?

Þetta vandamál í notkun opinna sjókvía í laxeldi er landlægt alls staðar í heiminum þar sem notast er við opnar sjókvíar. Eftirlitsstofnanir með laxeldi fá tölur um slysasleppingar frá laxeldisfyrirtækjunum sjálfum sem að sjálfsögðu hafa hagsmuni af því að tölur um mögulegar slysasleppingar séu sem lægst, samanber uppgæfna tölu um að einungis 300 eldislaxar hafi sloppið úr kví Arnarlax jafnvel þótt tæplega 5000 laxa hafi vantað í kvína í Tálknafirði þegar slátrað var úr henni.

Stundin spurði Matvælastofnun að því hvaða forsendur stofnunin hefði til að meta sannleiksgildi þeirra talna sem Arnarlax sendi henni. „Hvaða forsendur hefur MAST til þessa að taka mark á upplýsingagjöf frá Arnarlaxi um slysasleppingar? Hefur átt sér stað einhvers konar rannsókn eða



Tæplega 5.000 laxar Tæplega 5.000 færri laxar voru í kví Arnarlax við slátrun en áttu að vera. VÍKINGÚR Gunnarsson, framkvæmdastjóri Arnarlax, sést hér með eldislax. MYND: MBL/HELGI BJARNASON

gagnrýnin rýni í málíð hjá MAST eða er um að ræða tölur frá Arnarlaxi sem MAST endurbirtir með eigin orðalagi? Hvernig veit MAST að það voru ekki 5.000, 10.000 eða 15.000 færri fiskar í kvínni en hermt er?”

Í svarinu segir Erna Óskarsdóttir, eini starfsmaðurinn hjá Matvælastofnun sem sinnir laxeldi sera málaflokki – eftirlit og allri stjórnýsli – að upplýsingagjöf stofnunarinnar byggir á gögnum frá laxeldisfyrirtækjunum: „Matvælastofnun berast upplýsingar frá fyrirtækinu um fjölda fiska sem settir eru í kvíar, afföll fiska og sláturetölur. Matvælastofnun metur áreiðanleika gagna fyrirtækisins, og fyrirtækja almenn, út frá gögnum sem stofnunin hefur undir höndum úr eigin eftirliti. Skv. lögum um fiskeldi kemur fram að það varði stjórnarmenn og framkvæmdastjóra rekstrarleyfishafa seiktum og fangelsi allt að tveimur árum, ef sakir eru miklar, ef fiskeldisstöðvar gefa ekki lögboðnar skýrslur um starfsemi sína eða veita eftirlitsmönnum rangar upplýsingar.“

Á endanum snýst eftirlit Matvælastofnunar því um það að laxeldisfyrirtækin starfi í góðri trú og greini satt og rétt frá þegar eldislaxar sleppa úr kvíum þeirra. Þetta eftirlit má kannski bera saman við það ef Fjármálaeftirlitið myndi sinna sínu eftirlitshlutverki þannig að það byggði nær eingöngu á upplýsingum frá bótnunum sjálfum sem stofnunin á að sinna eftirliti með.



Matvælastofnun metur áreiðanleika gagna fyrirtækisins

Lærdómurinn frá Noregi

Í Noregi, því landi í heiminum sem framleiðir mest allra af eldislaxi, eru slysasleppingar stórt vandamál sem leitt hefur til mikillar erðabíöndunar við villta norska laxastofna. Það skal undirstrikað að Noregur framleiðir um 1,3 milljónir tonna af eldislaxi á meðan Íslendingar hafa framleitt á milli 10 og 20 þúsund tonn þannig að iðnaðurinn er miklu stærri í Noregi þar sem framleiðslan er um 100 sinnum meiri.

Í Noregi er einnig ómögulegt að vita í reynd hversu margir eldislaxar sleppa úr sjókvíum þar við land, eitts og norska blaðakonan Kjersti Sandvik ræðir um í bók sinni um laxeldi þar í landi. Undir yfirborðinu: „Opinber töfræði um fjölda eldislaxa sem sleppur úr sjókvíum þar við land er miklum vafa undirorpin. Hafrann-

Einn sinnir eftirliti

Efningis einn starfsmaður
Matvælastofnunar sinnir
eftirliti með laxeldi á
Íslandi. Myndin er tekið af
Arnsrávi Arnarsoni.

Söknastofnun telur að á hverju ári sleppi um 1,5 milljón eiddilaxa þar með talið laxseigði sem sleppa þegar þeim er komið fyrir í kvinnarn. Samkvæmt norskum náttúruverndarsamtökunum koma um 450 þúsund villtir laxar til sjónninn og upp í norskar ár. Þeir laxar sem sleppa ár hvert eru þvaxin þrívaxar sinnum fleiri en fjöldi villtra laxa sem kemur upp í norskar ár. Mikilvægt af þessum eiddilaxi sem sleppur fer upp í norskar ár og skapar vandamáli fyrir villta laxastofna.

Aukidd laxeldi ein þara einn starfsmaður í eftirliti

Einn sem komið er hefur ekki verið fundinn upp teki sem kemur afdæði, aða nær alfarð. Í veg fyrir sýsasleppingar á eiddilaxi til sjókvinnu. Talsmánn í sjókvæðingunni verður sanna teiga betri og má til dæmis nefna að opinnberar telur frá Noregi sýna fátökun á ættuðum. Sýsasleppingar eru enn þá miklar: 144 þúsund laxar það sem af er ári samkvæmt norskum hafvann-söknastofnuninni.

Hvergi er það heildur svo að eftirlitsstofnanir í fiskeldi geti sannaeymt með vissu hvort upp-lyfningeigjaf laxeldisfyrirtækjanna um sýsasleppingar er rétt og fyrir liggur að eiddisfyrirtækin hafa hagsmuni af því að þessar töbur séu sem lægjar.

Á Íslandi, á sama tíma og laxeldisfyrirtækin vilja allt að tífalda framleiðsluna á eiddilaxi, er einn sem komið er þara einn starfsmaður sem sinnir þessum staðkandi málaflökki hjá Matvælastofnun. Stofnunin telur að þetta sé ekki nóg og hefur farið fram á að fleiri starfsmenn verði ráðnir til að sinna þessu eftirliti. „Að mæti Matvælastofnunin þarf aukidd fjármagn til að ráða inn starfsfólk til þess að sinna bæði stjórnsýslu og eftirliti rekstrareyða með fiskeldi, enri dag sinnur einn starfsmaður þessum málaflökki. Stofnunin hefur valdið a þyngi atvinnuvega- og dyfisköpunarráðuneytisins á þessari stöðu og liggur innlið hjá þeim.“ segir í svariinu frá Ernu Káren.

Fleiri starfsmenn munu því hugsanlega bærast við hjá Matvælastofnun til að sinna þessu eftirliti en þó af þessu verði þá verður samt senn áður enn þá eftir fyrir stofnunina að sannaeyna réttmæti upp lýsinga sem berast frá laxeldisfyrirtækjunum um sýsasleppingar og þar af leiðandi munu enn þá verða öruggt um vilt að fullyrða nokkuð um fjöldi sýsasleppinga á norskum eiddilaxi á Íslandi. E

28. mars 2019.

Til atvinnuveganefndar Alþingis.

nefndasvið@althingi.is

Varðandi þingskjal 1060 – 647. mál.

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o. fl). (Lög nr. 71/2008 um fiskeldi).

Athugasemdirnar eru sendar fyrir hönd eftirtalinna aðila:

Náttúruverndarsamtök Íslands	Veiðifélag Breiðdæla
Náttúruverndarfélagið LAXINN LIFI	Veiðifélag Hofsár- og Sunnudalsár
Veiðifélag Þverár í Borgarfirði	Veiðifélag Selár
Veiðiréttarhafa í Bakkadal í Arnarfirði	Veiðifélag Vesturdalsár
Veiðiréttarhafa í Langadalsá og Hvannadalsá	Veiðiréttarhafa Haffjarðarár
Veiðifélag Laxár á Ásum	

Strokulaxar 2018 upprunagreindir.

Norskir strokulaxar úr sjókvíaeldi eru byrjaðir að veiðast í veiðiám landsins með óhjákvæmilegri skerðingu orðspors hreinnar náttúru. Strokulaxar sem veiddust á sl. ári allt frá Staðarhólsá/Hvolsá í Dölum og austur til Vatnsdalsár og Eyjafjarðarár hafa verið upprunagreindir og reyndust flestir koma úr sjókvíum Arnarlax hf. í Arnarfirði og Tálknafirði. Á bak við hvern stangveiddan eldislax eru tugir eða hundruð strokulaxa, enda teljast strokulaxar úr sjókvíum Arnarlax hf. á sl. ári í þúsundum. Upprunaskýrsla HAFRÓ og Matís fylgir í viðhengi.

Nokkrar mikilvægar ábendingar varðandi lagafrumvarpið

1. Haft verði samráð við Landssamband veiðifélaga og Landssamband stangveiðifélaga, Náttúruverndarsamtök Íslands, Náttúruverndarfélagið Laxinn lifi, Verndarsjóð villtra laxastofna og Erfðanefnd landbúnaðarins um samningu nýrrar heildarlöggjafar um fiskeldi á grundvelli nýrrar stöðu eldisins með hliðsjón af nýjustu ráðleggingum vísindamanna og reynslu m.a. í norsku fiskeldi og náttúruvernd.
2. Lögfest verði áhættumat erfðablöndunar, sem verði alfarið á vegum vísindamanna HAFRÓ og fallið frá endurskoðun nýgerðs áhættumats.
3. Fallið verði frá stofnun svokallaðrar samráðsnefndar leikmanna, sem á að meta forsendur og úrvinnslu gagna, sem áhættumat erfðablöndunar byggist á.
4. Rekstrarleyfi verði tímabundin til 10 ára eins og áður, en ekki gefin út til eilífðar (ótímabundin leyfi). Skorað er á atvinnumálanefndina að láta semja lögfræðiálit, t.d. Lagastofnun Háskóla Íslands, um heimild til ótímabundinnar leyfaútgáfu. Bent er á að bæta hér inn ákvæði svipuðu og í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006: „Hafsvæði utan netlaga og nýtingarréttur þeirra er sameign íslensku þjóðarinnar. Úthlutun leyfa samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra leyfishafa.“
5. Umhverfistryggingar laxeldisfyrirtækja verði skylda.

6. Felld verði niður lög nr. 108/2018 (21.gr.c., 2.mgr. laga nr. 71/2008), enda standast þau hvorki stjórnarskrá né þjóðréttarskuldbindingar.
7. Hvatt verði til landeldis og eldis í lokuðum sjókvíum með ófrjóum eldisfiski, t.d. með gjaldfrelsi.
8. Sjálfstæður eftirlitsaðili óháður leyfisútgefendum annist eftirlit.

Ný löggjöf um fiskeldi þarf enn fremur að grundvallast á:

- a) Náttúruvernd og verndun villtra laxastofna.
- b) Landeldi eða lokuðum sjókvíum með ófrjóum eldisfiski.
- c) Sjókvíaeldi í opnum kvíum með framandi stofni verði alfarið bannað.
- d) Þegar byrjað sjókvíaeldi með framandi eldisstofni fái 3ja ára aðlögunartíma til að hætta starfsemi.
- e) Viðmiðunarmörk áhættumats erfðablöndunar verði núll innblöndun (0%).
- f) Skyldu rekstraraðila til að taka umhverfistryggingu til að tryggja bótagreiðslur vegna hugsanlegs tjóns á villtum stofnum og lífríki. Einnig í þeim tilgangi að forða ríkissjóði frá háum skaðabótakröfum vegna leyfaútgáfu sem kann að leiða til stórbrotins umhverfistjóns og tjóns á eignum annarra aðila.
- g) Að ákvæði fiskeldislaga séu skýr og ótvíræð og forðist allsherjar ákvörðunarvald ráðherra í nánast öllum efnum, ýmist með eigin ákvörðunum eða í gegnum ótakmarkaða útgáfu reglugerða, allt að eigin mati. Í frumvarpinu er mælt fyrir um næstum ótakmarkað ráðherravald á meira en 15 stöðum í frumvarpinu.

3 lagafrumvörp 2018 – 2019. Hvergi getið höfundar

Síðastliðið ár hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið lagt fram 3 lagafrumvörp til breytinga á ýmsum ákvæðum fiskeldislaga. Ekkert samráð hefur verið haft við Landssamband veiðifélaga, Landssamband stangveiðifélaga né náttúruverndarsamtök um þá lagasmíð. Í engu tilviki er getið um höfund frumvarpanna, en miðað við innihald breytingatillagnanna virðist ráðuneytið aðallega hafa haft til ráðgjafar Landssamband fiskeldisstöðva við gerð frumvarpanna. Í stuttu máli má segja að hvort síðari frumvarpanna taki því næsta á undan fram að því leyti, að sífellt er gengið lengra í að slaka á lagaramma og skilmálum fyrir aukið fiskeldi í opnum sjókvíum með erlendum og kynbættum eldislaxi. Það er álit aðstandenda þessara athugasemda, að það frumvarp, sem nú er komið fram muni ekki stuðla að sátt um sjókvíaeldi, heldur stofna til langvarandi átaka um þá starfsemi.

Markmið frumvarpsins

er sagt að styrkja lagaumgjörð fiskeldis og stjórnsýslu fiskeldis, þar sem sjálfbær þróun og vernd lífríkis er höfð að leiðarljósi. Þá er stefna stjórnvalda sögð að *gæta skuli ýtrustu varúðar við uppbyggingu fiskeldis og byggja ákvarðanir á ráðgjöf vísindamanna*. Með frumvarpinu sé leitast við að ná aukinni sátt um uppbyggingu greinarinnar til framtíðar. Fiskeldi skuli byggja upp þannig að líffræðilegri fjölbreytni verði ekki ógnað. Undir þessar fyrirætlanir skal tekið. En sé þetta ætluin í raun, er óhjákvæmilegt að fara þegar í stað eftir þeim ráðleggingum Erfðanefndar landbúnaðarins frá 7. júní 2017 að koma í veg fyrir alla frekari útgáfu leyfa til sjókvíaeldis á laxi, þ.m.t. þá tugi þúsunda tonna sem komin eru í formleg umsóknarferli.

Að plástra úrelt og ófullkomin lög

Með framkomnu frumvarpi til breytinga á fiskeldislögum nr. 71/2008 er verið að plástra ófullkomin og úrelt lög með breytingum á einstökum sundurlausum lagagreinum, viðbótum og niðurfellingum. Lög sem fyrirhugað var að endurskoða í heild samkvæmt bráðabirgðaákvæði IV. í lögum nr. 49/2014, sem mælti svo fyrir, að endurskoða skyldi lögin innan 18 mánaða frá 16. maí 2014 að telja. Þar var svo fyrir mælt, að við endurskoðunina skyldi m.a. hugað að vistfræðilegum þáttum og innleiðingu ýtrustu umhverfisstaðla í starfsemi fiskeldisfyrirtækja. Framkomið frumvarp gengur í meginatriðum þvert á þessi fyrirmæli Alþingis og stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og er síst vænlegt til að byggja upp sjókvíald í sátt við umhverfið.

Ný heildarlög um fiskeldi samkvæmt stefnu Alþingis frá 2014

Skorað er á atvinnuveganefnd að hlutast til um samningu nýrrar heildarlöggjafar um fiskeldi á grundvelli nýrrar stöðu fiskeldisins með hliðsjón af nýjstu ráðleggingum vísindamanna og reynslu m.a. í norsku fiskeldi og náttúruvernd. Að undirbúningi nýrrar löggjafar komi m.a. fulltrúar

Landssambands veiðifélaga og stangveiðifélaga, Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagssins Laxinn lifi og Verndarsjóðs villtra laxastofna (NASF).

Brýn nauðsyn er að bíða með núverandi lagafrumvarp að sinni. Semja þarf heildarlög samkvæmt stefnu Alþingis frá 2014, þar sem gengið er út frá nýrri framtíðarsýn. Fiskeldi, sem skaðar ekki aðra starfsemi sem fyrir er í landinu og náttúru landsins með erfðamengun, lúsafári, sjúkdómasmiti og óheyrilegum úrgangi í opið haf. Sú framtíðarsýn er um landeldi og lokaðar kvíar með ófrjóum fiski.

Slík þróun er nú hafin í Noregi og víðar, þar sem mönnum er ljóst, að eyðilegging náttúruauðlinda og umhverfisspjöll gengur ekki lengur.

Minnt er á alvarlegt vírusmit í hrognum frá Stofnfiski, sem sérfræðingar uppgötvuðu nýlega í tvígang í eldi í Washingtonríki í USA. Eftirlitsaðilar fyrirskipuðu eyðingu allra laxaseiða frá þessum stóra og helsta hrognaframleiðanda á Íslandi.

Samtök atvinnurekenda í Noregi (Norsk Industri) hafa nýlega gefið út framtíðarsýn um fiskeldi í Noregi (Roadmap for the Aquaculture Industry) í samvinnu við m.a. eldisfyrirtækið Marine Harvest. Þar eru sett þau markmið, að innan 5 ára verði eingöngu notuð ný tækni í eldi sem tryggir að engar sleppingar verði á eldisfiski (Escape-proof installations by 2024) og innan 8 ára tryggir ný tækni að engin lús magnist upp í eldi í Noregi (Sea lice-free installations by 2027). Óviðunandi er, að eldi hér á landi, sem að meirihluta er í eigu norskra eldisrísar, verði byggt á úreltri tækni og markmiðum.

Þá er rétt að nefna, að starfsemi Skipulagsstofnunar og leyfisveitendanna Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar hefur vægilega sagt verið með verulegum annmörkum og ekki í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga. Þörf er að koma vinnubrögðum og starfsemi þeirra í rétt horf.

Markmiðsákvæði fiskeldislaganna nr. 71/2008

Markmiðsákvæði 1. gr. laganna segir m.a. „að tryggja skuli verndun villtra nytjastofna og koma skuli í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra, sem nýta slíka stofna.“ Síðan segir í 2. mgr 1.gr. fiskeldislaganna: „Við framkvæmd laga þessara skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.“ Í athugasemdum við þessa lagagrein í greinargerð frumvarpsins sem varð að lögum nr. 71/2008 segir: „Á hinn bóginn er það skýrt og endurspeglast að sínu leyti í markmiðsýfirlýsingu 2. mgr. og fleiri greinum frumvarpsins að vöxtur og viðgangur atvinnugreinarinnar [fiskeldis] má ekki gerast á kostnað viðgangs og nýtingar villtra fiskstofna. Í þessari takmörkun felst í raun **að þegar ekki fara saman annars vegar hagsmunir þeirra sem veiðirétt eiga samkvæmt lax- og silungsveiðilögum og hins vegar þeirra sem fjallað er sérstaklega um í frumvarpi þessu víkja hinir síðarnefndu.**“

Öllum þessum lagaákvæðum ber að fara eftir við undirbúning og útgáfu *starfsleyfis* og rekstrarleyfis, **rannsaka sjálfstætt öll málsatvik og taka rökstudda afstöðu til ákvörðunar Skipulagsstofnunar varðandi mat á umhverfisáhrifum, sem og að kanna og rökstyðja álit sitt á því, hvort fullnægjandi rannsókn og greining liggur fyrir í viðkomandi máli, þannig að efni rökstuðnings uppfylli áskilnað 22. gr. stjórnáskilnaða nr. 37/1993.** Þessar lagaskyldur og undirbúningsferli og útgáfa leyfa eru í samræmi við grundvallarreglur laga um verndun náttúru landsins. Hins vegar er í ýmsum ákvæðum frumvarpsins gerð einkennileg tilraun til að lauma aðkomu Umhverfisstofnunar að ýmsu leyti undir Matvælastofnun. Eru ýmis ákvæði frumvarpsins af þessum ástæðum ótæk og óboðleg Alþingi til meðferðar í óbreyttri mynd.

Áhættumat HAFRÓ. Marklaust tal um mótvægisáðgerðir

Ráðgert er að lögfesta áhættumat HAFRÓ, sem ákvarðar sem ásættanlega a.m.k. í byrjun allt að 4% innblöndun eldisfisks í stofn villtra laxfiska í veiðivatni. Áhættumatið er tilraun til að setja mælikvarða á innblöndunarástand viðkomandi veiðivatns. Enginn veiðiréttarhafi né náttúruunnandi getur þó fallist á annað en engna innblöndun (0%) sem ásættanlega. Þá tekur áættumatið ekki á gifurlegum úrgangi frá eldinu, sem nágrannabyggðarlög eldisins munu finna fyrir fljótlega eftir að starfsemi byrjar. Í skilgreiningu í 1. gr. 1. tl. b.1. frumvarpsins er sagt, að erfðablöndun eldislax við villta stofna skuli metin „að teknu tilliti til mótvægisáðgerða.“ Þar sem engar raunhæfar mótvægisáðgerðir eru til í þessu sambandi, þá ruglar slík óljós hugmynd grundvöll áhættumats erfðablöndunar. Þessi orð „að teknu tilliti til mótvægisáðgerða“ fer því best á að fella út úr lagatextanum.

„Samráðsnefnd“. Aðför að HAFRÓ og vísindalegum grundvelli áhættumats.

Hin nýja 5 manna nefnd, sem gert er ráð fyrir að setja á stofn samkvæmt 2. gr. frumvarpsins er furðuleg hugmynd miðað við yfirlýst markmið lagasetningarinnar og stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar: „Fiskeldi þarf að byggja upp með ýtrustu varúð í samræmi við ráðgjöf vísindamanna, þannig að líffræðilegri fjölbreyttni verði ekki ógnað.“ Síðan segir í frumvarpinu, að greind „samráðsnefnd“, sem ráðherra skipar, skuli vera stjórnvöldum til ráðgjafar vegna málefna fiskeldis. Í því felist meðal annars að leggja mat á forsendur og úrvinnslu þeirra gagna sem áhættumat erfðablöndunar byggir á. Samkvæmt 7. gr. a. (6.gr.a.) frumvarpsins skal Hafrannsóknastofnun leita ráðgefandi álits „samráðsnefndarinnar“ um tillögu að áhættumati erfðablöndunar. Þegar álit samráðsnefndarinnar um tillögu HAFRÓ liggur fyrir, skal stofnunin taka rökstudda afstöðu til álitsins og gera breytingar á tillögunni, ef stofnunin telur ástæðu til þess. Loks skal ráðherra staðfesta áhættumatið að fenginni tillögu HAFRÓ. Tillaga HAFRÓ er bindandi fyrir ráðherra. Til að HAFRÓ komist ekki upp með sjálfstæða vísindalega niðurstöðu sína, ef hún fellur ekki í kramið, er gerð sú tillaga í 23. gr. frumvarpsins (e.(V.)), að stofnunin skuli leggja tillögu að endurskoðuðu áhættumati fyrir samráðsnefndina innan tveggja mánaða eftir að lögin taka gildi. Þar með er nánast útilokað að fyrra áhættumat fái að standa. Þessi dæmalausa hugmynd um vísindastörf HAFRÓ er fullkomin niðurlæging og hrein aðför að stofnuninni og vísindalegum grundvelli áhættumatsins. Vakinn er athygli á orðalagsbreytingu í 7. gr. nýja frumvarpsins. Í fyrra frumvarpi var orðalagið að markmið áhættumatsins væri til að koma í veg fyrir möguleg skaðleg áhrif af erfðablöndun eldislaxa við nytjastofna villtra laxa. Nú er orðalagið að markmið áhættumatsins sé til að draga úr mögulegum skaðlegum áhrifum... Þessi orðalagsbreyting staðfestir það álit ráðuneytisins, að ekki sé hægt að koma í veg fyrir skaðleg áhrif af erfðablöndun eldislaxa við villta laxastofna. Þá er það nýmæli, að fjallað er í þessari grein um heimild til breytinga á *starfsleyfum* útgefnum samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Málefni starfsleyfa eiga undir umhverfisráðuneytið, en ekki atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Með hliðsjón af þessari furðulegu tillögu ráðuneytisins um „samráðsnefnd“ er lagt til, að öll ákvæði varðandi hina svonefndu „samráðsnefnd“ falli niður, þar á meðal bráðabirgðaákvæði frumvarpsins í

22. gr. e. (V). og HAFRÓ verði treyst til að ákvarða áhættumat erfðablöndunar með sjálfstæðum hætti eins og stofnunin hefur gert fram til þessa og án íhlutunar pólitíks ráðherra og „leikmanna“ hinnar svonefndu „samráðsnefndar.“

Í tilefni af hugmynd um fulltrúa Sambands sveitarfélaga í greindri „samráðsnefnd“ skal bent á, að sjókvíaeldi er utan lögsögu sveitarfélaga og á Vestfjörðum og Austfjörðum eiga aðeins 5 sveitarfélög af alls 72 sveitarfélögum landsins lögsögu á landi við þá firði, þar sem sjókvíaeldi er byrjað eða fyrirhugað. Væri því málefnalegra að hér kæmi vísindamaður frá Erfðanefnd landbúnaðarins eða fulltrúi Náttúruverndarsamtaka Íslands, ef á annað borð verður af stofnun þessar nefndar.

Umsagnarskylda vegna setningar reglugerða

Með b-lið 2. gr. frumvarpsins er felld niður skylda til að leita ávallt faglegrar umsagnar ýmissa stofnana, Landssambands veiðifélaga o. fl. vegna setningar reglugerða samkvæmt fiskeldislögunum. Er þessi niðurfelling sögð út frá sjónarmiðum um málshraða.

Þessari niðurfellingu faglegrar umsagnarskyldu a.m. k. Landssambands veiðifélaga er alfarið mótmælt, enda miklir hagsmunir í húfi fyrir þau 150 veiðifélög og 2.250 lögbýli með veiðirétt, sem eru innan þess landssambands.

Meirihlutaeign útlendinga

Mótmælt er innrás sjókvíaeldis erlendra auðhringa bakdyramegin inn í íslenska landhelgi í gegnum íslensk skráð hlutafélög. Kanna þarf hvort meirihlutaeign útlendinga í eldisfyrirtækjum standist stjórnarskrá og gildandi lög um notkun sjávar í íslenskri landhelgi. Norskur eigandi Arnarlax hefði þurft að borga heima hjá sér 25 milljarða króna fyrir 10.000 tonna eldisleyfi sitt í Arnarfirði. Hér nánast ekkert. Ekkert er nefnt í frumvarpinu um erlenda eignaraðild sjókvíaeldisins. Full ástæða er til að skoða innrás norskra eldisfyrirtækja með nánast ókeypis afnotum auðlinda hafsins innan íslenskrar landhelgi. Og til samanburðar skoða bann erlendra aðila til fiskveiða á þessu sama íslenska hafsvæði. Þá er full ástæða til að gerð sé grein fyrir fyrirkomulagi og réttindum erlendra aðila til þátttöku bæði í færeysku og norsku sjókvíaeldi.

Yfirlýsingar vísindamanna HAFRÓ og ráðleggingar Erfðanefndar landbúnaðarins

Laxeldið á að grundvallast á vísindum og ráðgjöf vísindamanna segir í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Í því sambandi er bent á yfirlýsingu vísindamanna Hafrannsóknastofnunar, að allar laxveiðiár landsins séu í áhættu hvar sem eldið er staðsett. Hvergi í greinargerð frumvarpsins er minnst á þessa yfirlýsingu vísindamanna HAFRÓ.

Hvergi er heldur í frumvarpinu né greinargerð þess getið þeirra mikilvægu ráðlegginga Erfðanefndar landbúnaðarins til stjórnvalda 7. júní 2017 að stöðva skuli allar leyfisveitingar til laxeldis í sjókvíum með frjóum laxi af erlendum uppruna.

Síðan vísar erfðanefndin í stefnumótun hennar 2014-2018 og segir:

„Þegar stefnumótunin var gerð árið 2014 hafði framleiðslan á eldislaxi verið um 3.000 tonn á árinu á undan en starfsleyfi höfðu verið gefin út fyrir um 20.000 tonna framleiðslu.

Ársframleiðslan árið 2016 var á hinn bóginn 8.400 tonn (MAST 2017), starfsleyfi hafa verið gefin út fyrir rúmlega 40.000 tonna eldi og í farvatninu eru umsóknir fyrir allt að 150.000 tonna framleiðslu.

Forsendur eru því gjörbreyttar frá 2014 og full ástæða til að staldra við og afla nánari þekkingar á mögulegum afleiðingum áður en leyfi er gefið fyrir margfaldri aukningu eldis í sjókvíum.“

Þá segir nefndin: „Að mati Erfðanefndar landbúnaðarins er frekari útgáfa leyfa til eldis á frjóum laxi af erlendum uppruna óforsvaranleg miðað við stöðu leyfisveitinga og skort á upplýsingum um áhrif eldisins á villta laxastofna í íslenskum ám. **Nefndin ráðleggur stjórnvöldum að koma í veg fyrir**

frekari útgáfu leyfa til sjókvíaeldis á laxi, þ.m.t. þá tugi þúsunda tonna sem komin eru í formleg umsóknarferli.“

Erfðanefnd landbúnaðarins er sérfræðinganevnd skipuð af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og hefur það verkefni m.a. að veita ráðgjöf til hagsmunaaðila og stjórnvalda um varðveislu og nýtingu erfðaaauðlinda í landbúnaði, og falla ferskvatnsfiskar þar undir. Í Erfðanefndinni sitja helstu erfðafræðingar og líffræðingar landsins.

Eins og að ofan greinir er hvergi minnst á ráðleggingar Erfðanefndarinnar í umræddu frumvarpi eða í meðfylgjandi greinargerð og ber frumvarpið ekki með sér að reynt sé að fara eftir ráðleggingum nefndarinnar að neinu leyti.

Úthlutun eldissvæða með uppboði. Byrjunarauðlindagjald uppboðs.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir úthlutun eldissvæða með uppboði eftir að HAFRÓ hefur skipt upp fjörðum eða hafsvæðum í eldissvæði. Ekki er ljóst hvort slíkt er heimilt skv. stjórnarskrá. Er skorað á atvinnuveganefnd að láta semja lögfræðialit um einstaklingsbundin afnot hafsins til fiskeldis í opnum sjókvíum. Uppboðsleið er nánst ótæk þegar af þeirri ástæðu, að ekki er hægt að gera ráð fyrir fleiri en 2-3 mögulegum bjóðendum. Slíkt opnar fyrir óeðlilega samráðsmöguleika. Ennfremur liggur fyrir að flestum mögulegum eldissvæðum hefur nú þegar verið úthlutað. Þá er lagt í hendur ráðherra að setja reglugerð meðal annars um skilmála úthlutunar og hvað teljist hagstæðasta tilboð. Komi meðal annars til skoðunar upphæð tilboðs, reynsla af fiskeldisstarfsemi, fjárhagslegur styrkur og mælikvarðar sem mæla hvernig tilboðsgjafi hefur stundað rekstur sinn og upplýsingar um það hvernig tilboðsgjafi hyggst stunda reksturinn, m. a. út frá umhverfissjórnarmiðum. Hér er á ferðinni sérkennilegt og ótækt tilboðsfyrirkomulag. Hver og hvernig á að meta nefnd atriði? Tilboðsgjafi er í fullkominni óvissu við tilboðsgjöf, hvort hann getur yfirhöfuð orðið hlutskarpastur enda þótt hæstbjóðandi sé. Spurningin er sem sagt, hvernig á að meta upptalin atriði til fjár? Engin leið er að leggja það á ráðherra að setja trúverðugar reglur um slíkt mat. Umrædd ákvæði um úthlutun á grundvelli tilboða eru því ónothæf.

Eðlilegra er að líta hér til Noregs varðandi gjaldtöku með lágmarks byrjunarauðlindagjaldi uppboðs fyrir hvert leyfistonn í sjókvíaeldi, enda eru norsk eldisfyrirtæki orðin meirihlutaeigendur nánast alls sjókvíaeldis sem byrjað er og sem er í leyfisferli hér á landi. Í Noregi er nú krafist um NOK 190.000, (=2,5 milljón ISK) fyrir hvert tonn leyfis í byrjunarauðlindagjald uppboðs áður en rekstur hefst, (sem gera t.d. 25 milljarða fyrir 10.000 tonna eldi). Nauðsynlegt er að setja nú þegar ákvæði um byrjunarauðlindagjald uppboðs í fiskeldislögin. Engin frambærileg ástæða er til að bíða eftir sérstakri lagasetningu þar um. Nærtækara er að setja í sérlög ákvæði um síðara árlegt afnotagjald hafsins. Engu minni fyrirhöfn er að setja strax ákvæði um a.m.k. lágmarks byrjunarauðlindagjald uppboðs í fiskeldislögin sjálf, en t.d. flókin ákvæði um vafasamar stjórnvaldssektir, eins og gerð er tillaga um í frumvarpinu.

Stórefla verður eftirlit. Stjórnsýsla Matvælastofnunar (MAST)

MAST er óhæf til eftirlits, enda fellur það faglega ekki að starfsemi MAST að eigin sögn og til eftirlits hefur stofnunin verið vanbúin. Leyfisútgefendur eins og Matvælastofnun og Umhverfisstofnun og matsaðilar eins og Hafrannsóknastofnun eru eðli máls samkvæmt óhæfir sem eftirlitsaðilar, en eftirlit með laxeldisiðjunni verður að stórefla. Fiskistofa býr yfir mannafla um allt land í eftirlitsstörfum sínum og ætti að hafa skýrt umboð og frumkvæði til eftirlits með fiskeldi í sjókvíum eins og nú gildir um eftirlit hennar með sjávarútvegsstarfsemi. Lagt er til að Fiskistofu verði falið að sjá um allt eftirlit með fiskeldisstarfsemi ásamt umhverfiseftirliti Umhverfisstofnunar varðandi mengun.

Mótmælt er þeirri tillögu að innleiða svokallað innra eftirlit, sem þýðir á mæltu máli að eldisfyrirtæki hafi eftirlit með sjálfum sér. Fráleitt er að gera tillögu um slíkt minnkað eftirlit.

Hlutverk MAST er nú m.a. að gefa umsagnir og álit, hefur síðan rannsóknarskyldu vegna leyfaútgáfu, gefur út rekstrarleyfi, hefur eftirlit með leyfðri starfsemi og loks hefur MAST refsheimildir, m. a.

sektarheimildir. Þegar minnst er á, að stjórnarsýslustofnanir fari út fyrir eðlilegt valdsvið sitt, þá er ekki úr vegi að líta til starfsemi MAST.

MAST hefur fram til þessa hvorki virt löglega meðferð og birtingu umsókna fyrir rekstrarleyfi né birtingu útgáfu rekstrarleyfa og hefur reynt til hins ítrasta að halda leyndum gögnum og upplýsingum, og engu svarað athugasemdum, sem gerðar hafa verið um rekstrarleyfisferlið. Þannig virt að vettugi lögmæltan andmælarétt skv. stjórnarsýslulögum. Þurft hefur að leita til Úrskurðarnefndar um upplýsingamál til að fá gögn afhent frá MAST. Að ekki sé minnst á dýralækni fisksjúkdóma hjá stofnuninni, sem gaf um árábil umsagnir um leyfi til sjókvíaeldis og varð í fyrra uppvís að privat bóluefnasölu til eldisfyrirtækja. Þá hefur MAST leyft sér að heimila sjókvíaeldi í Reyðarfirði á grundvelli ólöglegar framlengingar útrunnins rekstrarleyfis. Sá gjörningur er til meðferðar hjá dómstólum. Nánast öll útgefin rekstrarleyfi MAST fyrir sjókvíaeldi hafa verið kærð til ógildingar.

Gögn með umsókn um rekstrarleyfi

Með ákvæðum 8. og 9. gr. frumvarpsins er mjög dregið úr skyldu rekstraraðila til að leggja fram gögn með umsókn um um rekstrarleyfi. Sem dæmi er felld niður skylda til að leggja fram **skilríki** um heimild til afnota af landi, vatni og sjó. Þess í stað skulu fylgja gögn um heimild til afnota af landi eða vatni **eða gögn um úthlutun eldissvæðis** skv. 4. gr. ef við á. Þá hljóðar núverandi ákvæði um **að fylgja skuli umsókn staðfesting um a.m.k. 30% eigin fjármögnun eldisins** þannig í frumvarpinu: *Eiginfjárhlutfall skal vera að lágmarki 30% að teknu tilliti til fjárfestinga í búnaði samkvæmt áætlun.* Augljóst er að 30% eiginfjárhlutfall umsækjanda er allt annað en 30% eigin fjármögnun eldisins.

Ákvörðun um matsskyldu eða álit um umhverfisáhrif framkvæmdar

Sérkennilegt ákvæði er í 10. gr. frumvarpsins, þar sem segir að ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu eða álit um umhverfisáhrif framkvæmdar skuli liggja fyrir „í síðasta lagi við útgáfu rekstrarleyfis“. Verði ákvæðið samþykkt þannig, er ekki hægt að skila áliti eða athugasemdum við tillögu að rekstrarleyfi fyrr en eftir útgáfu leyfisins.

Þá er af ókunnum ástæðum felld niður úr 11. gr. fyrri frumvarpsdraga ráðuneytisins ákvæði um, að við útgáfu rekstrarleyfis skuli þess ávallt gætt, að fullnægt sé ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum. Þá vantar ákvæði um, að sé álit Skipulagsstofnunar neikvætt um umhverfisáhrif framkvæmdar, sé óheimilt að gefa út starfs- og rekstrarleyfi.

Getur Alþingi bjargað villtum laxastofnum?

Nú þegar eru komnar meira en 10 milljónir norskra eldislaxa í opnar sjókvíar á Vestfjörðum og Austfjörðum og bíða sem tímasprengjur í náttúru landsins eins og fréttir af strokulöxum, óveðri, sjávarkulda, slysum og óhöppum síðustu mánaða staðfesta. Enn er hægt að bjarga villtum laxastofnum með því að stöðva sjókvíaeldið og flytja það upp á land. Skorað er á ráðherra og Alþingi að koma í veg fyrir annað „minkaslys“ í náttúru landsins. Það tókst ekki á sínum tíma, en nú er tækifæri til að bjarga villtum laxastofnum, áður en það verður of seint.

Umhverfistryggingar

Hvergi er í frumvarpinu fjallað um þá brýnu nauðsyn að sjókvíaeldisfyrirtæki taki umhverfistryggingar, enda þótt staðfest sé að eldið skaði eignir annarra aðila og lífríkið. Verði eldisfyrirtæki gjaldþrota er að engu að ganga fyrir þá sem hafa orðið fyrir skaða af rekstri viðkomandi eldis. Eldisfyrirtækin tryggja sig sjálf fyrir hvers konar tjóni á eldisbúnaði og strokfiski úr kvíum sínum, en fást ekki til að taka umhverfistryggingar vegna tjóns annarra aðila vegna starfseminnar. Setja þarf ákvæði í fiskeldislögin um skyldu til umhverfistrygginga til viðbótar við núverandi skyldutryggingu til að hreinsa

upp kvíar og tól, ef eldisfyrirtæki fer í þrot. Nánast öruggt má telja, að ríkissjóður verði skaðabótaskyldur vegna tjóns, sem leiða kann af leyfaútgáfu ríkisstofnana til reksturs sjókvíaeldis, sem fyrirséð er að muni valda öðrum aðilum tjóni.

Úrgangur í hafið

Nauðsynlegt er að stjórnvöld geri sér grein fyrir gífurlegri úrgangsmengun sjókvíaeldisins. Ekkert er minnst á slíkt í frumvarpinu. Sem dæmi skilar 10.000 tonna sjókvíaeldi árlega 5.000 tonnum af saur og fódurleifum í hafið. Má nærri geta hvernig slíkt getur skaðað búsvæði nytjafiska, sem aðallega eru inni á fjörðum landsins að ekki sé minnst á eyðingu skeldýra.

Samkvæmt norskum heimildum (Statens Forurensningstilsyn 2009) er úrgangur í sjó frá t.d. 10.000 tonna eldi áætlaður eins og skolpfrárennsli frá 165.000 manna byggð. Sjókvíaeldi eru einu matvælaframleiðslufyrirtæki hér á landi, sem er í framkvæmdinni leyft að demba óátalið öllum úrgangi óhreinuðum í sjóinn. Við nýlega athugun á uppsöfnuðum úrgangi á hafsbotni undir eldiskvíum í Arnarfirði reyndist úrgangurinn vera allt að 4 metrar á þykkt. Minnt er hér á ákvæði laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og ennfremur ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sem og ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skolp. Umhverfisstofnun hefur m.a. það hlutverk að vernda náttúruna fyrir þessum vágæsti. Sú staðhæfing að fiskeldi í opnum sjókvíum sé umhverfisvænt eru því hrein öfugmæli.

„Samvinna“ MAST og Umhverfisstofnunar

Ómálefnalegt og einkennilegt ákvæði er í 4. gr. frv. að umsækjandi skuli afhenda MAST bæði umsókn um starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi MAST. Eðlilegra er að þessar tvær umsóknir skuli afhenda sjálfstætt til hvorrar stofnunar. Nauðsynlegt er að hafa þann hátt á umsóknum og afgreiðslu leyfa þessara tveggja stofnana, að hvor í sínu lagi fullnægi skyldu sinni til sjálfstæðrar og óháðrar rannsóknar og rökstyðji niðurstöðu sína sjálfstætt. Engin þörf er síðan að afhenda starfsleyfi og rekstrarleyfi samtímis og að MAST afhendi bæði leyfin. Í 12. gr. frv. er óeðlilegt ákvæði, að MAST og Umhverfisstofnun skuli auglýsa tillögu að rekstrarleyfi og starfsleyfi samtímis. Hvorri þessara tveggja stofnana auk Skipulagsstofnunar ber að rannsaka sjálfstætt allar forsendur málsins og taka síðan sjálfstæða rökstudda afstöðu. Þá er hálfóskiljanlegt ákvæði í 2.mgr. 12. gr. frv. þar sem segir að MAST skuli tilkynna Umhverfisstofnun, umsækjanda um rekstrarleyfi og þeim sem athugasemdir hafa gert um afgreiðslu rekstrarleyfis. Af hverju þessa tilkynningu MAST til Umhverfisstofnunar? Þá er athugasemdafrestur til MAST ákveðinn 4 vikur, en fram til þessa hefur verið unnið með 6 vikna fresti og er síst þörf á að stytta þær 6 vikur. Varðandi umfjöllun hvorrar þessara stofnana um sitt leyfi, er óviðunandi, að Umhverfisstofnun vinni ekki sjálfstætt og óháð allt frá umsókn til útgáfu starfsleyfis.

Tímabundnar rannsóknir HAFRÓ. Birting upplýsinga

Ákvæði er í 17. gr. um „tímabundnar“ rannsóknir HAFRÓ. Af hverju tímabundnar? Heimild til birtingar upplýsinga í 17. gr. þarf síðan að vera skylda en ekki heimild.

Merkingar með uggaklippingu og vöktun á nánasta umhverfi

Með frumvarpinu er felld niður ákvæði í 2. tl. 10 gr. nógildandi fiskeldislaga, sem mælir fyrir um skyldu til að setja í reglugerð ákvæði um utánaliggjandi merkingu á eldislaxi til að auðveldara sé að aðgreina hann frá villtum laxi. Hér er á ferðinni misskilningur, þar sem mikilvægara er nú en nokkru

sinni, að eldisfiskur sé uggaklipptur samkvæmt gildandi reglum. Það er oft eina merkið, sem stangveiðimenn hafa til staðfestingar um eldislax.

Þá er vakin athygli á einkennilegri niðurfellingu ákvæðis í 10. gr. fiskeldislaganna þar sem m.a. er tekið fram að í rekstrarleyfi skuli kveðið á um skyldu rekstrarleyfishafa til að annast vöktun og rannsóknir á nánasta umhverfi sínu. Augljóst er, að það tilheyrir rekstri eldiskvía, sem skila til umhverfisins 50% af framleiðslumagni, að sinna vöktun og rannsóknum á nærumhverfi rekstrarins. Þarfnast breytingar til fyrra orðalags.

Sektarheimildir MAST. Innflutningur á notuðum eldisbúnaði

Ákvæði er í 22. gr. frv. um stjórnvaldssektir MAST. Gildi slíkra refsíákvæða fyrir stjórnsýslustofnanir er almennt talið vafasamt. Þá er ásetningur hér lagður að jöfnu við gáleysi, sem er furðuleg lagasmíð. Hér kemur fram, að gert er ráð fyrir að MAST geti heimilað innflutning á notuðum eldisbúnaði sbr. 7.tl. 22. gr. frumvarpsins. Bann 20. gr. fiskeldislaganna um notaðan eldisbúnað þarf að verða fortakslaust með lagfæringu á þeirri grein sem og 22. gr. frv. Þá getur MAST varla talist hæf til ákvörðunar um að fella niður mál í stað þess að leggja á stjórnvaldssektir sbr. 4. mgr. 22. gr. frumvarpsins.

Varúðarreglan

Markmið laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Einnig miða lögin að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða. Þá skal sérstaklega nefnd hin mikilvæga varúðarregla 9. gr. laganna, sem gæta skal sérstaklega við leyfisveitingar. Hún hljóðar þannig: „Þegar tekin er ákvörðun án þess að fyrir liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum. Ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða, sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.“ Til einföldunar er varúðarreglan oft stytta í „**að náttúran skuli njóta vafans.**“

Samfélagsleg áhrif

Talsmenn norsku eldisfyrirtækjanna hafa gert mikið úr því sem þeir kalla jákvæð samfélagsleg áhrif laxeldisins. Þar hafa verið nefnd mörg hundruð ný störf í kring um nokkur þúsund tonna sjókvíaeldi. Samkvæmt norskum heimildum er sjókvíaeldi ekki sjálfbært ef fleiri en 5-6 starfsmenn eru í kringum hver 1.000 tonn í ársframleiðslu. Ekkert er nefnt um eyðileggingu mörg hundruð starfa við lax- og silungsveiði í fjölmörgum sveitum landsins, ef strokulax nær að skemma eða eyða villtum laxa- og silungastofnum landsins, en stangveiðar skapa a. m. k. 1200 ársstörf. Samkvæmt nýrri skýrslu Hagfræðistofnunar Háskólans, þá eru 69% af launakostnaði og hagnaði í landbúnaði á Vesturlandi vegna tekna af veiði og 27% á Norðurlandi.

Samkvæmt sömu skýrslu hafa 3.400 lögbylí tekjur af lax- og silungsveiði. Þá leiðir skýrslan einnig í ljós að 60.000 Íslendingar stunda lax og/eða silungsveiðar. Verndun þessarar auðlindar á því að vera leiðarljós við alla lagasetningu um fiskeldi. Seint verður síðan lagður verðmiði á verndun íslenskrar náttúru. Hagfræðistofnunin metur verðmæti lax- og silungsveiða a.m.k. 170 milljarða, sem eru þær eignir sem að auki eru undir með byrjuðu og fyrirhuguðu sjókvíalaxeldi.

Dómsmál og kærur

Til upplýsinga þá skal þess getið að höfðuð hafa verið dómsmál til ógildingar bráðabirgðarekstrarleyfa útgefna af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu til handa Fjarðalaxi ehf. og Arctic Sea Farm hf. hinn 5. nóvember 2018 fyrir laxeldi í Patreksfirði og Tálknafirði.

Þá hafa Fjarðalax ehf. og Arctic Sea Farm hf. höfðuð dómsmál til ógildingar úrskurða Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 27. september 2018 vegna sama laxeldis í Patreksfirði og Tálknafirði.

Þá skal getið um kærur til ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, og til eftirlitsnefndar Árósasamningsins vegna skyndilaga nr. 108/2018 hinn 10. október 2018 til breytinga á fiskeldislögum nr. 71/2008.

Umrædd skyndilög bættu 2. mgr. 21. gr. c. við fiskeldislögin nr. 71/2008.

Loks skal getið dómsmáls, sem nú er fyrir Landsrétti, til ógildingar á rekstrarleyfi, sem Matvælastofnun veitti Löxum fiskeldi ehf. fyrir 6.000 tonna laxeldi í Reyðarfirði, löngu eftir að fyrra leyfi var fallið niður.

Vitað er um dómsmál í undirbúningi vegna strolulaxa frá eldi Arnarlax hf. í Tálknafirði og Arnarfirði sem veiðst hafa í ýmsum ám landsins á árinu 2018 og sem hafa verið upprunagreindir.

Þá liggja margar kærur fyrir hjá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vegna annmarka á ýmsum rekstrarleyfum laxeldis í opnum sjókvíum.

Með vísan til framangreindra athugasemda er óhjákvæmilegt að framkomið frumvarp sæti ýtarlegri endurskoðun og lagfæringum.

Fyrir hönd
Náttúruverndarsamtaka Íslands,
Náttúruverndarfélagssins LAXINN LIFI og
9 veiðifélaga og veiðiréttarhafa

Óttar Yngvason

Fylgiskjöl:

1. Upprunagreining HAFRÓ og Matís á veiddum strolulöxum 2018.
2. Stutt yfirlit yfir helstu athugasemdir við greinar frumvarpsins (ekki tæmandi aths.).
3. Nokkur skjöl til fróðleiks um landeldi, verðmæti lax- og silungsveiða, eftirlit o. fl. (3 viðhengi).